



**Um upplýsingagjöf fyrirtækja
með áherslu á framsýnar og ófjárhagslegar
viðbótarupplýsingar**

Rán Ólafsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

**Um upplýsingagjöf fyrirtækja
með áherslu á framsýnar og ófjárhagslegar
viðbótarupplýsingar**

Rán Ólafsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í skattaréttum og reikningsskilum

Leiðbeinandi: Ásgeir Brynjar Torfason

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2019

Um upplýsingagjöf fyrirtækja með áherslu á framsýnar og ófjarhagslegar upplýsingar.

Ritgerð þessi er 18 eininga lokaverkefni til MA prófs við Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2019 Rán Ólafsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2019

Formáli

Ritgerð þessi er 18 eininga lokaverkefni í MA námi í skattarétti og reikningsskilum við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi er Ásger Brynjar Torfason, lektor við Háskóla Íslands og vil ég þakka honum kærlega fyrir aðstoðina.

Einnig vil ég þakka eiginmanni mínum Axel Kristinssyni fyrir hans fræga jafnaðargeð og stuðning við skrif þessi.

Útdráttur

Upplýsingagjöf fyrirtækja hefur verið í stöðugri þróun frá því að menn fóru að stunda viðskipti sín á milli. Með tilkomu félagaformsins með takmarkaðaábyrgð, þ.e. hlutafélag og einkahlutafélag, jókst þörfin fyrir upplýsingar. Ástæðan var einkum sú að eigendur hlutabréfa þurfa að fá upplýsingar um árangur rekstrarins og fjárhagslega stöðu hans. Með tilkomu félaga með takmarkaða ábyrgð. Megin tilgangur ársreikninga er að veita skilgreindum notendum sínum upplýsingar sem þeir geta nýtt við ákvarðanatöku.

Rannsóknarspurningar ritgerðarinnar felast í því að skoða mismunandi flokka upplýsinga og gera grein fyrir því afhverju fyrirtæki veita framsýnar upplýsingar í auknum mæli. Einnig verður skoðað hvaða kröfur um framsýnar upplýsingar eru í íslenskum lögum og hvort þær séu í samræmi við alþjóðaskuldbindingar Íslands ásamt því að fjallað verður um IFRS 9 og hvort innleiðing hans hafi áhrif á upplýsingakröfur annarra fyrirtækja.

Í þessari ritgerð verður fjallað um fræðileg hugtök sem tengjast ársreikningum og öðrum upplýsingum. Einnig verður fjallað um mismunandi tegundir upplýsinga sem fyrirtæki veita. Þá verða skoðuð sérstök raundæmi um afmarkaða upplýsingagjöf í ársreikningum fjögurra fjármálafyrirtækja.

Í skýrslu stjórnar eiga að koma fram ákveðnar ófjárhagslegar og fjárhagslegar upplýsingar skv. IV. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Kaflinn á rót sína að rekja til Evrópuréttar og því eru ákvæði íslensku laganna borin saman við tilskipanir Evrópusambandsins í ritgerðinni. Samanburðurinn leiddi í ljós að ekki er fullt samræmi milli IV. kafla laga nr. 3/2006 og ársreikninga tilskipunar 2013/34/ESB.

Fjallað er um nýjan reiknisskilastaðal IFRS 9 um fjármálagerninga sem tók gildi 1. janúar 2018. Í innleiðingu hans fólust veigamiklar breytingar á því hvernig fjármálafyrirtækjum ber að færa virðisrýrnun á útlánasafn sitt. Skv. IFRS 9 ber fjármálafyrirtækjum að færa virðisrýrnun útlána m.v. vænt tap en ekki raunverulegt tap útlána eins og áður var. Þeirri spurningu er velt upp hvort í þessu felist að gera þurfi auknar kröfur til annarra fyrirtækja sem þiggja lán hjá bönkunum til þess að veita framsýnar viðbótarupplýsingar.

Að lokum eru dregnar ályktanir af umfjöllunarefninu og komið fram með tillögur að úrbótum. Tillögurnar felast einkum í því að endurskoða IV. kafla um skýrslu stjórnar í

ársreikningalögunum. Einnig er fjallað um annarskonar skýrslugjafir og þá kosti sem þeim fylgja.

Niðurstöður ritgerðarinnar eru einkum þær að vægi framsýnna viðbótarupplýsinga, bæði fjárhagslegra og ófjárhagslegra er að aukast.

Lögbundnar kröfur um framsýna upplýsingagjöf er einkum að finna í IV. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. 65. gr. og 66. gr. ársreikningalaga eru bæði torskilin og óaðgengileg og ekki í nógu góðu samræmi við ársreikningatilskipun Evrópusambandsins nr. 2013/34/ESB.

Með innleiðingu IFRS 9 hefur framsýnum upplýsingum verið gefið aukið vægi. Því er mikilvægt að samræmi sé milli IV. kafla ársreikningalaganna og tilskipunar Evrópusambandsins.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	9
2	Fræðileg umfjöllun	11
2.1	Saga félagaformsins með takmarkaða ábyrgð í samhengi við upplýsingagjöf fyrirtækja	11
2.2	Markmið og tilgangur reikningsskila.....	13
2.2.1	Markmið reikningsskila skv. alþjóða reikningsskilaráðinu (e. IASB).....	13
2.2.2	Eiginleikar og notagildi reikningsskila	14
2.2.2.1	Viðeigandi upplýsingar (e. relevant)	14
2.2.2.2	Trúverðugar (e. faithful)	16
2.2.2.3	Nánar um notagildi reikningsskila.....	16
2.2.2.4	Glögg mynd (e. fair view).....	16
2.2.2.5	Vandinn við ofgnótt upplýsinga	17
2.3	Ársreikningar	19
2.3.1	Uppbygging ársreikninga	20
2.3.1.1	Rekstrarreikningur	20
2.3.1.2	Efnahagsreikningur	21
2.3.1.3	Skýringar	21
2.3.1.4	Skýrsla stjórnar	22
2.3.1.5	Sjóðstreymisyfirlit	22
2.3.2	Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og ársreikningalögin.....	23
2.4	Umboðsvandi og ósamhverfar upplýsingar	24
2.4.1	Umboðsvandi (e. agency problem).....	24
2.4.2	Ósamhverfar upplýsingar (e. asymmetric information).....	25
3	Upplýsingagjöf fyrirtækja	27
3.1	Valkvæð eða lögbundin upplýsingagjöf.....	27
3.1.1	Valkvæð upplýsingagjöf	27
3.1.2	Lögbundin upplýsingagjöf.....	28
3.2	Fjárhagsleg og ófjárhagsleg upplýsingagjöf	29
3.2.1	Fjárhagsleg upplýsingagjöf (e. financial information).....	30
3.2.2	Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (e. non-financial information)	30
3.3	Framsýnar upplýsingar og upplýsingar sem byggja á sögulegum grunni	31
3.3.1	Framsýn upplýsingagjöf	32
4	Skýrsla stjórnar	34
4.1	Þróun í Evrópu	34

4.1.1	Gildandi Evrópuréttur	35
4.1.2	Ákvæði um skýrslu stjórnar í íslensku ársreikningalögunum	37
5	IFRS 9 og áhrif staðalsins á framsýna upplýsingagjöf	40
5.1	IAS 39 Fjármálagerningar: færsla og mat	40
5.2	IFRS 9 Fjármálagerningar	41
5.3	IFRS 9 og kröfur um gögn sem liggja að baki matinu	42
5.4	Kröfur í viðmiðunarreglum Evrópska bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) sem tengjast IFRS 9	42
5.5	Áhrif IFRS 9 á ófjárhaglega upplýsingagjöf	43
5.5.1	Áhrif IFRS 9 á reikningskil fjármálafyrirtækja	43
5.5.1.1	Ársreikningur Kvikubanka árið 2018	43
5.5.1.2	Ársreikningur Íslandsbanka 2018	44
5.5.1.3	Ársreikningur Landsbankans árið 2018	44
5.5.1.4	Ársreikningur Arionbanka árið 2018	45
5.5.2	Áhrif IFRS 9 á önnur fyrirtæki	46
5.6	Ályktanir og niðurstöður	47
6	Ályktanir og tillögur að úrbótum	48
6.1.1	Endurskoðun laga nr. 3/2006	49
6.1.2	Frásagnarskýrsla framkvæmdastjórna (e. Strategic Report)	50
6.1.3	Sambætt upplýsingagjöf (e. Integrated reporting)	51
7	Niðurstöður og lokaorð	52

1 Inngangur

Upplýsingar sem fyrirtæki veita um starfsemi sína eru margskonar, sem dæmi má nefna fréttatilkynningar, auglýsingar, skýrslur, ársreikninga og svo mætti lengi telja. Um upplýsingaskyldur stjórnar og almennra stjórnenda gilda ýmis lög og reglur eins og t.d. lög um ársreikninga, lög um verðbréfavíðskipti ofl. Umfangsmestu upplýsingar sem fyrirtæki veita reglulega eru ársreikningar. Tilgangur þeirra reikningsskila er að veita skilgreindum meginnotendum upplýsingar um árangur í rekstri fyrirtækja sem og fjárhagsstöðu þeirra. Til viðbótar við hefðbundin reikningsskil veita fyrirtæki svo annarskonar upplýsingar. Upplýsingar geta verið framsýnar eða byggðar á sögulegum grunni, ófjárhaglegar eða fjárhagslegar og svo lögbundnar eða að fyrirtæki veiti aðrar upplýsingar til viðbótar af fúsum og frjálsum vilja.

Samhliða aukinni kröfu um upplýsingar þá aðallega frá haghöfum hafa hefðbundnir ársreikningar lengst mikið. Þessar auknu upplýsingar geta leitt til ofgnóttar upplýsinga sem er í sumum tilvikum orðin svo mikil að það bitnar á notagildi ársreikningsins.

Markmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir hvers konar upplýsingar fyrirtæki veita ásamt því að fjallað verður um hvaða upplýsingar er lögbundið að komi fram í skýrslu stjórnar í ársreikningi skv. lögum um ársreikninga.

Rannsóknarspurningar sem leitast verður við að svara með ritgerðinni eru:

Hverjir eru helstu flokkar upplýsinga sem fyrirtæki veita um rekstur sinn?

Í hverju felst framsýn upplýsingagjöf og afhverju eru fyrirtæki að veita framsýnar upplýsingar í auknum mæli?

Hvaða kröfur eru um framsýnar upplýsingar í íslenskum lögum og eru þær kröfur í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands?

Hefur innleiðing IFRS 9 fjármálagerningar og þeirra krafna um að fjármálafyrirtækjum beri að færa virðisrárnun m.v. áætlað framtíðartap áhrif á upplýsingakröfu fyrirtækja, þá einkum framsýna upplýsingagjöf?

Ritgerðin er skipulögð þannig að í öðrum kafla er fræðileg umfjöllun. Fjallað verður um sögu félagaformsins með takmarkaðaábyrgð og áhrif þess á auknar kröfur um upplýsingar. Ársreikningar eru mikilvæg leið fyrir framkvæmdastjórn til þess að miðla

upplýsingum til eigenda hlutabréfa og annarra haghafa. Því verður fjallað um markmið og tilgang ársreikninga, notagildi þeirra og mikilvæg hugötk.

Þriðji kafli fjallar um upplýsingagjöf fyrirtækja. Leitast verður við að gera grein fyrir þremur mismunandi flokkum upplýsinga. Í fyrsta flokkinum er horft til þess hvort upplýsingar séu gefnar af fúsum og frjálsum vilja eða hvort þær séu lögbundnar. Í öðrum flokkinum er hroft til þess hvort upplýsingar séu fjárhagslegar eða ófjárhagslegar og í þriðja flokkinum er litið til þess hvort upplýsingar séu byggðar á sögulegum grunni eða séu framsýnar. Fjallað verður um hvernig þeir tengjast og hvaða tilgangi upplýsingar skv. hverjum og einum flokki eiga að þjóna.

Í fjóðra kafla er fjallað um skýrslu stjórnar sem er hluti ársreiknings. Gerð verður grein fyrir kröfum IV. kafla íslensku ársreikningalaganna um upplýsingar sem fram eiga að koma í skýrslu stórnar. Ákvæði IV. kafla íslensku ársreikningalaganna eiga rót sína að rekja til Evrópuréttar og því verður leitast við að svara spurningunni hvort ákvæðin séu rétt innleidd eða hvort þau þarfnist endurskoðunar.

Í fimmta kafla verður fjallað um nýjan reikningsskilastaðal IFRS 9 um fjármálagerninga. Í innleiðingu hans fólust veigamiklar breytingar á eldri framkvæmd varðandi virðisýrnnun útlána fjármálafyrirtækja. Eftir að IFRS 9 tók gildi ber fjármálafyrirtækjum nú að færa virðisýrnnun útlána m.v. bæði áfallið tap (eins og í gildistíð eldri reglna) en einnig m.v. vænt tap. Með þessari breytingu var innleidd sú hugsun að fjármálafyrirtæki verða að gera spá um vænt framtíðar tap útlána sinna, eins og nánar verður gert grein fyrir. Þeirri spurningu verður velt upp hvort þessi breyting feli í sér að fjármálafyrirtæki þurfi að gera auknar kröfur, til lánþega, um framsýnar upplýsingar þegar þau veita lán. Í kaflanum er fjallaðum hvaða upplýsingar koma fram í ársreikningum fjögurra íslenskra fjármálafyrirtækja sem snúa að framkvæmd virðisýrnnunarmatsins og þá einkum hvaða gögn og upplýsingar liggja að baki matinu.

Í sjötta kafla verður fjallað um tillögur að úrbótum sem gætu leyst þau vandamál sem fram koma í öðrum köflum ritgerðarinnar.

Í sjöunda kafla verða helstu niðurstöður dregnar saman ásamt því að gera grein fyrir þeim þáttum sem höfundur telur að séu þess virði að rannsaka frekar.

2 Fræðileg umfjöllun

2.1 Saga félagformsins með takmarkaða ábyrgð í samhengi við upplýsingagjöf fyrirtækja

Fyrir iðnbyltinguna var atvinnurekstur í Evrópu stundaður með mun einfaldara sniði en þekktist í dag. Fyrir einstaklinga voru einkum þrjár leiðir til þess að stunda atvinnurekstur: Í fyrsta lagi þekktist það að einstaklingar störfuðu einir, í öðru lagi að einstaklingar áttu í samstarfi (e. partnership) sín á milli og í þriðja lagi þekktist það að þeir sem stóðu að atvinnurekstri fengu með sér aðila sem komu ekki beint að rekstrinum að öðru leyti en því að þeir útveguðu fjármagn. (Bob Thricke, 2015)

Allar þessar leiðir áttu það sameiginlegt að ef reksturinn gekk illa gátu kröfuhafar gengið að eignum allra þeirra sem stóðu að rekstrinum og jafnvel gert þá gjaldþrota. Í þá daga var talið glæpur að borga ekki skuldir sínar og áttu menn á hættu að lenda í fangelsi ef þeir stóðu ekki í skilum. (Bob Thricke, 2015)

Á tímum iðnbyltingarinnar í Evrópu jókst þörf fyrirtækja á fjármagni svo að þau gætu vaxið og fylgt örum tækniframförum þess tíma. Með aukinni þörf fyrir fjármagn var ljóst að koma þurfti til móts við þá sem stunduðu atvinnurekstur. Menn veigruðu sér eðlilega við því að koma að atvinnurekstri, bæði með beinum og óbeinum hætti, af ótta við afleiðingar ef reksturinn gengi ekki eftir.

Menn áttuðu sig á því að breyta þurfti regluverki í því augnamiði að menn gætu komið að rekstri, beint og óbeint án þess að afleiðingarnar væru jafn alvarlegar ef reksturinn gengi ekki upp.

Upp úr miðri 19. öld varð mikilvæg breyting á löggjöf í Evrópu. Frakkar voru fyrstir til þess að setja lög sem takmarkaði ábyrgð hluthafa á skuldum fyrirtækja þeirra, þó stjórnendur þeirra væru enn persónulega ábyrgir fyrir skuldum fyrirtækisins. (Solomon, 2007)

Bretar gengu lengra en Frakkar, árin 1855 og 1862 samþykkti breska þingið lög sem veittu öllum hluthöfum takmarkaða ábyrgð á skuldum fyrirtækja sinna, óháð því hvort þeir komu að rekstrinum eða ekki. Lykillinn að kerfinu sem Bretar hönnuðu var að búa til

sjálfstæðan lögaðila, sem var aðskilinn frá eiganda sínum. Þessi sjálfstæði lögaðili hafði réttindi og skyldur skv. lögum. Lögaðilar þessir gátu gert samninga, gátu staðið í málssóknum, átt eignir og ráðið starfsmenn. Hlutabréf gengu kaupum og sölum og verðmæti þeirra mótaðist af því verði sem unnt var að fá fyrir bréfin. Hlutabréfin voru einnig forsenda þess að hafa áhrif á stjórn fyrirtækjanna. (Tricker, 2015)

Í upphafi voru fyrirtæki með takmarkaða ábyrgð tiltölulega lítil og einföld. Hluthafar komu einkum úr efristéttum samfélagsins og nálægð hluthafanna og þeirra fyrirtækja sem þeir höfðu fjárfest í var mikil. (Solomon, 2007)

Félagiformið með takmarkaða ábyrgð breiddist út og þróaðist hratt. Í upphafi 20. aldarinnar höfðu fyrirtæki stækkað, þróast og orðið flóknari. Hluthafar þeirra voru orðnir margir og dreifðir yfir stór landsvæði, jafnvel margar heimsálfur. Þetta hafði þær afleiðingar að bilið milli stjórnenda og eigenda fyrirtækja var orðið mikið. (Tricker, 2015)

Hagsmunir stjórnenda og eigenda fyrirtækja fara eðli málsins samkvæmt ekki alltaf saman og ekki er hægt að reikna með því að stjórnendur fyrirtækja geri það af sömu árvekni og þeir myndu sýna með sína eigin fjármuni eins og Adam Smith benti á í bók sinni *Auðlegð þjóðanna* (e. *Wealth of Nations*) sem var gefin út árið 1776. (Tricker, 2015)

Í seinni tíma fræðum hefur þetta verið kallað *umboðsvandi* (e. *agency problem*) (Gylfi Magnússon, 2002). Nánar verður fjallað um umboðsvanda í kafla 2.4.1.

Samhliða þeirri þróun að bilið milli eigenda fyrirtækja og stjórnenda breikkaði jókst krafan á eftirlit með stjórnendum. Krafan um aukið upplýsingaflæði var hluti af þessari þróun. Mikil og hröð þróun hefur átt sér stað í því regluverki sem stjórnir fyrirtækja starfa eftir og verður hún rakin stuttlega hér. (Tricker, 2015) (Solomon, 2007)

Regluverk sem við búum við í dag gerir ráð fyrir að stjórn fyrirtækis er kosin af hluthöfum. Megin hlutverk stjórnar er að fara með æðsta vald á milli hluthafafunda, hafa eftirlit með daglegum rekstri þess, stuðla að viðgangi þess og að starfsemin sé í góðu horfi. (Viðskiptaráð Íslands, 2015)

Stjórnir og framkvæmdastjóri þurfa að gera hluthöfum fyrirtækja grein fyrir störfum sínum og hvernig starfsemi félagsins gengur. Eitt mikilvægasta gagnið sem hlutabréfaeigendur hafa til þess að fylgjast með rekstri fyrirtækja sinna er ársreikningur sem stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á að semja skv. 3. gr. laga nr. 3/2006 um

ársreikninga. Nánar verður fjallað um ársreikninga og reikningsskil fyrirtækja í næsta kafla.

2.2 Markmið og tilgangur reikningsskila

Markmið og tilgangur reikningsskila er að veita núverandi og framtíðar fjárfestum upplýsingar sem þeir nýta við ákvarðanatökur sem snúa að fjárfestingu í fyrirtækjum. Auk þess eiga reikningsskil að gagnast núverandi og framtíðar lánveitendum við ákvarðanatöku um lánveitingar til fyrirtækja. (IFRS, 2015)

Ákvarðanir fjármagnsveitenda (e. capital providers) (bæði núverandi og verðandi) um kaup, sölu eða lánveitingar byggjast á þeim ágóða sem þeir *vænta* að fá til baka. Ágóðinn getur verið í formi vaxta, arðgreiðslna og/eða að markaðsvirði hlutabréfa sem þeirra hækki. Væntingar fjárfesta byggja á mörgum mismunandi þáttum, t.d. mati þeirra sjálfra á óvissu um vænt sjóðstreymi þeirrar einingar sem þeir hafa hug á að fjárfesta í. Því þurfa núverandi og verðandi fjárfestar upplýsingar sem þeir nýta til þess að meta hvaða væntingar þeir hafa til framtíðar sjóðstreymis einingar. (Schroeder, Clark og Cathey, 2014).

Margir núverandi og verðandi fjárfestar, lánadrottnar og aðrir kröfuhafar þurfa aðallega að reiða sig á upplýsingar sem eru að finna í ársreikningum fyrirtækja. Af þeim sökum telur Alþjóða reikningsskilaráðið að þeir séu megin notendur reikningsskila (IFRS, 2015).

Þó verður að hafa í huga að tilgangur ársreikninga fyrirtækja er ekki að veita *allar* þær upplýsingar sem eru gagnlegar fyrir megin notendur þeirra. Fjárfestar verða að reiða sig á aðrar upplýsingar t.d. almennt efnahagsástand, stöðu í þeirri atvinnugrein sem fyrirtæki starfar í ásamt öðrum þáttum. (IFRS, 2015)

2.2.1 Markmið reikningsskila skv. alþjóða reikningsskilaráðinu (e. IASB)

Alþjóða reikningsskilaráðið (e. IASB) gaf, árið 2010, út endurbættan hugtakaramma fyrir reikningsskil (e. The Conceptual Framework for Financial Reporting). Í hugtakarammanum kemur fram að tilgangur reikningsskila er að veita megin notendum þeirra, eins og þeir eru skilgreindir, upplýsingar sem þeir nýta til þess að meta virði viðkomandi einingar. (IFRS, 2015).

Í endurbættu hugtakarammanum frá árinu 2010 er að finna breytingu bæði á skilgreiningunni á megin markmiðum með reikningsskilum en einnig breytingu á skilgreiningu á hverjir eru megin notendum reikningsskila.

Í eldri hugtakarammanum frá árinu 1989 voru notendur reikningsskila skilgreindir sem breiður hópur sem innihélt m.a. núverandi og framtíðar fjárfestar, starfsmenn, lánadrottnar, birgja, neytendur, stjórnvöld og almenning. Í eldri skilgreiningu var ekki lagt áherslu á einn hóp fram yfir annan. (IFRS, 2015). Árið 2010 varð breyting þar á. Rökin fyrir breytingu á skilgreiningu notenda reikningsskila voru einkum þau að upplýsingapörf mismunandi notenda færi ekki alltaf saman og skaraðist oft á tíðum. Í rammaumgjörðinni frá árinu 2010 er jafnframt tekið fram að aðrir notendur hafi jafnframt gagn af þeim upplýsingum sem skilgreindir megin notendur þurfa þó svo að reikningsskilum væri ekki beint til þeirra með beinum hætti. (IASB, 2010)

Í samræmi við breytingu á skilgreiningunni á notendum reikningsskila varð breyting á því hvernig Alþjóða reikningsskilaráðið skilgreindi notagildi þeirra. Skv. eldri rammaumgjörð Alþjóða reikningsskilaráðsins frá árinu 1989 var upplýsingum sem fram komu í reikningsskilum fyrirtækja ætlað að koma að notum við „töku efnahagslegra ákvarðana.“ (e. economic decisions). Skv. rammaumgjörðinni frá árinu 2010 felst notagildi reikningsskila einkum í því að veita núverandi og verðandi fjárfestum, lánadrottnum og öðrum kröfuhöfum upplýsingar sem þeir geta nýtt við ákvarðanatöku um veitingu fjármagns til tiltekinnar einingar. (IFRS, 2015)

2.2.2 Eiginleikar og notagildi reikningsskila

Hér að framan hefur verið fjallað um markmið og tilgang almennra reikningsskila skv. IFRS. Í Alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum er mikið lagt upp úr áherslunni á notagildi þeirra. (Einar Guðbjartsson, 2010). Til þess að reikningsskil uppfylli markmið sitt og tilgang þurfa þau að hafa grundvallar eiginleika sem gera þau gagnleg fjárfestum. Grundvallar eiginleikar skv. rammaumgjörðinni eru að upplýsingar þurfa að vera viðeigandi (e. relevant) og trúverðugar í framsetningu (e. faithful).

2.2.2.1 Viðeigandi upplýsingar (e. relevant)

Til þess að notagildi fjárhagsupplýsinga sé tryggt fyrir notendur reikningsskila þurfa þær að skipta máli fyrir þá. Upplýsingar teljast viðeigandi ef þær hafa forspárgildi (e. predictive

value) eða ef þær gera fjárfesti kleift að leggja mat á vænta fjárfestingu sem byggt er á fjárhagsupplýsingum. (IFRS, 2015) (Schroeder, Clark og Cathey, 2014)

2.2.2.1.1 Mikilvægi (e. materiality)

Mikilvægi (e. materiality) er mikilvægt hugtak þegar kemur að umfjöllun um gæði reikningsskila. Mikilvægisreglan er ein af meginreglum reikningsskila. Upplýsingar teljast mikilvægar ef þær *gætu* haft áhrif á ákvarðanatöku sem meginnotendur byggja á þeim. (Árni Classen, 2016) (IFRS. (e.d.)).

Mikilvægi er skilgreint m.a. í rammaumgjörðinni frá árinu 2010 (e. The Conceptual Framework for Financial Reporting) en einnig í reikningsskilastöðlunum IAS 1 og IAS 8. Ekki er fullt samræmi milli skilgreininganna.

Skilgreiningin á mikilvægi er ekki aðeins að finna í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Mikilvægi er einnig skilgreint í 28. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Þar segir orðrétt:

Mikilvægi: Upplýsingar eru mikilvægar ef það að þeim sé sleppt eða þær séu rangar getur haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur reikningsskilanna kunna að taka á grundvelli þeirra. Mikilvægi einstakra liða skal metið í tengslum við aðra sambærilega liði.

Skortur á samræmi á skilgreiningu á mikilvægi er ekki það eina sem veldur því að erfitt getur verið að beita mikilvægisreglunni. Ákvarðanir um hvaða upplýsingar teljast mikilvægar í þessu samhengi byggjast aðallega á dómgreind og faglegu mati þeirra sem beita reglunni. (Árni Classen, 2016)

Við ákvörðun á því hvort upplýsingar teljast mikilvægar þarf að taka tillit til fjárhæða, eðlis upplýsinga sem og aðstæðna hjá hverri einingu fyrir sig. Ekki er nóg að skilgreina mikilvægismörk engöngu út frá ákveðnum fjárhæðum þar sem eðli upplýsinganna skiptir einnig máli. Í þessu samhengi má nefna að gerð er krafa um að fyrirtæki upplýsi um viðskipti við tengda aðila þrátt fyrir að fjárhæðir séu ekki verulegar. (Árni Classen, 2016)

Ekki er nóg að huga aðeins að því hvort upplýsingar teljast mikilvægar heldur þarf einnig að huga að framsettningu þeirra. Hætta er á að upplýsingar sem teljast léttvægar skyggi á upplýsingar sem teljast mikilvægar. Almennt hefur verið gengið langt í upplýsingagjöf í ársreikningum sem byggja á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum.

Tilhneigingin er komin til af ótta við að uppfylla ekki ítarleg skilyrði staðlanna. Þessi þróun hefur valdið því að ofgnótt upplýsinga er að finna í sumum ársreikningum sem veldur því að mikilvægar upplýsingar tynast innan um minna mikilvægar, og jafnvel óþarfar upplýsingar. Árni Classen, 2016) (KPMG, 2011)

2.2.2.2 Trúverðugar (e. faithful)

Til þess að upplýsingar séu gagnlegar þurfa þær ekki aðeins að vera viðeigandi og mikilvægar. Þær þurfa einnig að vera trúverðugar. Til þess að upplýsingar teljist trúverðugar þurfa þær að búa yfir eftirfarandi eiginleikum og vera: heildstæðar (e. complete), hlutlausar (e. neutral) og villu lausar (e. free from error) (IFRS Foundation, 2015). Eðli málsins samkvæmt uppfylla upplýsingar sjaldan fullkomlega framangreind skilyrði en þeir sem semja reiknisstil þurfa að leitast við að hámarka hvern og einn framangreindra eiginleika.

2.2.2.3 Nánar um notagildi reikningsskila

Upplýsingar verða að uppfylla bæði framangreind skilyrði, þ.e. þær þurfa að vera bæði viðeigandi og trúverðugar til þess að geta verið gagnlegar notendum sínum. Eðli málsins samkvæmt getur hvorki trúverðug lýsing á fyrirbæri sem ekki telst viðeigandi né viðeigandi lýsing á fyrirbæri sem er ekki trúverðugt gagnast notendum sínum.

Samanburðarhæfni (e. comparability), sannreinanleg (e. verifiable), tímanleg (e. timely) og skiljanleg (e. understandable) eru eiginleikar sem auka notagildi upplýsinga sem teljast viðeigandi og trúverðugar. (IFRS foundation, 2015)

2.2.2.4 Glögg mynd (e. fair view)

Glögg mynd (e. fair view) er mikilvægt hugtak þegar kemur að umfjöllun um gæði reikningsskila. Í grunninn má segja að reiknisstil gefi glögga mynd ef þau gefa í meginatriðum rétta mynd af árangri fyrirtækisins á reiknisskilaárinu og sanna mynd af fjárhagslegri stöðu þess í lok reiknisskilaársins. (IFRS, 2015)

Hugtakið glögg mynd er í stöðguri þróun samfara þróun reikningsskila. Skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga skal ársreikningur gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingum á handbæru fé.

Hugtakið glögg mynd er svo skilgreint í 20. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um ársreikninga en þar segir að :

Glögg mynd felst í áreiðanlegri framsetningu á áhrifum viðskipta, öðrum atburðum og skilyrðum í samræmi við skilgreiningar og reglur um skráningu eigna, skulda, tekna og gjalda sem fram koma í lögum þessum, reglugerðum og settum reikningsskilareglum.

Með lögum nr. 73/2016 um breytingar á lögum um ársreikninga var nýrri málsgrein bætt við 5. gr. ársreikningalaga. Þar segir að ef ákvæði ársreikningalaganna nægi ekki til þess að gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé eigi félagið að veita viðbótarupplýsingar svo reikningurinn gefi glögga mynd. Í 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna segir að ef ákvæði laganna verði til þess að reikningur gefi villandi mynd skuli vikið frá þeim í undantekningartilvikum til þess að reikningurinn gefi glögga mynd í skilningi 20. tölul. 2. gr.

Af framangreindu er ljóst að vægi hugtaksins „glögg mynd“ hefur aukist á sl. árum. Með breytingunni sem gerð var árið 2016 er berum orðum sagt að ef settar reikningsskilareglur leiði til þess að reikningur gefi ekki glögga mynd skuli víkja frá þeim.

Sambætt fjárhagsmynd (e. a cohesive financial picture) er hugtak sem er til að gera nýtilkomið og hefur verið notað samhliða hugtakinu glögg mynd. Sambætt fjárhagsmynd merkir að sambandið milli mismunandi þátta í reikningsskilum er skýrt ásamt því að allir þættir reikningsskilanna bæti hvern annan upp eins mikið og hægt er. Markmið með sambætttri fjárhagsmynd eru að bregðast við því að skortur er á samkvæmni í framsetningu upplýsinga í reikningsskilum eininga. Reikningsskil sem byggja á samræmdri fjárhagsmynd eiga að birta gögn sem eru skýrt tengdar upplýsingum, hvar sem þær eru að finna í reikningsskilunum, þannig að þær séu skiljanlegar. (Einar Guðbjartsson, 2010)

2.2.2.5 Vandinn við ofgnótt upplýsinga

Á undanförunum áratugum hafa reikningsskil lengst svo um munar. Sérfræðingar hafa bent ofgnótt upplýsinga er orðin svo mikil að notendur reikningsskila eigi erfitt með að meta hvaða upplýsingar skipta raunverulegu máli fer notagildi ársreikningsins í heild dvínandi. (FRC, 2009) (KPMG, 2011) (Árni Classen, 2016)

Ofgnótt upplýsinga í ársreikningum og vandamál sem henni tengjast er ekki ný til komin t.d. skrifaði Ray Groves þessi orð fyrir 25 árum síðan:

Magn upplýsinga í ársreikningum er orðið svo mikið að við höfum dregið úr heildarvirði upplýsingagjafarinnar. Er þetta yfirþyrmandi fyrir

notendur. Þeir finna ekki eða koma ekki auga á þær upplýsingar sem ættu að hafa áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku þeirra (Groves, 1994, bls.11)

Vandamálið hefur aukist síðan þessi orð voru skirfuð. Árið 2009 gaf The Financial Reporting Council (FRC) út skýrslu sem ber nafnið "Hærra en orð" (e. Louder than words) Í skýrslunni er fjallað um orsakir vaxandi flækjustigs reikningsskila og þeim afleiðingum þetta aukna flækjustig hefur valdið.

Í skýrslu FRC frá árinu 2009 kemur fram að það hafi verið vandamál að reikningsskil séu miðuð að of breiðum notendahópi. Skýrslu höfundar telja betra að skilgreina notagildi reikningsskila sem upplýsingaveitu sem er gagnleg fyrir fjármagnsveitendur þegar þeir taka ákvörðun um hvort veita skuli fjármagni til viðkomandi einingar. Hafa verður í huga að greinin var skrifuð árið 2009, þ.e. áður en rammaumgjörðin, sem fjallað var um í hér að framan, var gefin út. Því er ljóst að þeir sem gefa út reikningsskila staðla eru nú þegar að reyna að taka á þessu vandamáli.

Í skýrslu FRC kemur fram að fælkjustig reikningsskila sé margþætt vandamál. Til þess að leysa vandann og auka notagildi reikningsskila þurfi allir þeir sem koma að gerð og notkun reikningsskila að leggjast á eitt. Í skýrslunni kemur fram að það séu ekki bara þeir sem semja reikningsskilin sem eru vandamálið heldur er umhverfið sem þeir búa við (þ.e. staðlarnir og regluverkið sem reiknisstil byggja á) orðið mjög flókið og íþyngjandi. (FRC, 2009)

Á síðari árum hafa áhyggjur, af því að gagnsemi ársreikninga og hefðbundinna reikningsskila fari dvínandi, aukist. Á alþjóðavísu hefur þróunin verið sú að lengd og flækjustig ársreikninga fer vaxandi (KPMG, 2011). Aðrir hafa bent á að ársreikningar eigi það til að enduspegla ekki undirliggjandi starfsemi og að mikilvægustu upplýsingarnar hverfi inn í ringulreið og óskipulag upplýsinga sem skipta ekki máli. (FRC, 2009)

Endurskoðunarfyrtækið KPMG gaf út skýrslu árið 2011 sem ber nafnið „Falið fyrir berum augum“ (e. Hidden in plain sight). Markmið skýrslunnar var að fjalla um umfang upplýsinga í ársreikningum. Við gerð skýrslunnar voru 25 ársreikningar stórfyrirtækja skoðaðir, yfir nokkurra ára tímabil. Tvö bandarísk fyrirtæki voru valin úr tólf atvinnugreinarflokum ásamt einu fyrirtæki sem flokkaðist í fleiri en einn flokk.

Ársreikningar árána 2004 og 2010 voru bornir saman. Lengd ársreikninga allra fyrirtækja jókst umtalsvert. Í skýrslunni kemur fram að allir ársreikningar sem skoðaðir

voru innihéldu textabúta sem voru óbreyttir milli ára. Lýsing á starfsemi fyrirtækja var endurtekin og var það talið geta truflað notendur reikningsskilanna þar sem endurteknar upplýsingar um atriði sem hafa takmarkað viðbótar upplýsingagildi getur skyggt á aðrar mikilvægari upplýsingar. (KPMG, 2011)

Fyrirtæki hafa nú þegar stigið skref í því að bæta framsetningu upplýsinga í ársreikningum með því að gera þá hnitmiðaðari og gagnsærri. Sem dæmi um skref sem hafa verið stigin er að sameina í eina skýringu upplýsingar sem áður hafði verið deilt á margar skýringar en auðveldara er fyrir notendur að tengja saman upplýsingar ef þær eru á einum stað. (Árni Claessen, 2015).

Alþjóðlega reiknisskilaráðið (IASB) hefur einnig brugðist við vandanum með því að setja á fót sérstakt verkefni sem á að miða að því að bæta framsetningu og upplýsingagjöf í ársreikningum (IFRS, 2017).

2.3 Ársreikningar

Til þess að skilja gagngrýni á notagildi hefðbundinna ársreikninga er mikilvægt að gera grein fyrir þeim þáttum sem hefðbundinn ársreikningur samanstendur af. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim köflum sem ársreikningur samanstendur af og megineinkennum hvers kafla.

Núgildandi lög nr. 3/2006 um ársreikninga eiga rót sína að rekja til laga nr. 144/1994 um ársreikninga. Lög nr. 144/1994 um ársreikninga voru fyrstu heildar lögini um ársreikninga sem sett voru á Íslandi. Fyrir gildistöku laga nr. 144/1994 voru reglur um ársreikninga að finna í lögum nr. 32/1978 um hlutafélög. Tilfni lagasettningarinnar árið 1994 var að með lögum nr. 2/1993 var lögfest aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. (frumvarp sem varð að lögum nr. 144/1994).

Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum um Evrópska efnahagssvæðið kemur fram að á þeim tíma sem samningurinn var gerður var hann víðamesti samningur sem Ísland hafði gert og var jafnframt einn sá mikilvægasti. Í frumvarpinu kemur fram að markmið samningsins var að koma á sameiginlegum innri markaði 19 ríkja Evrópubandalagsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu. Með samningnum var stefnt að því að koma á frjálsum vöru- og þróunarviðskiptum, frjálsum fjármagnsflutningum og sameiginlegum vinnumarkaði fyrir þessi svæði sem í daglegu tali er kallað fjórfrelsið.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum um Evrópska efnahagssvæðið kemur einnig fram að staðfesturétturinn er ein af grundvallarreglum Evrópska efnahagssvæðisins. Staðfestu rétturinn felur í sér rétt til þess að stofna og reka félög á EES-svæðinu, með sama rétti og þeir landsmenn sem þar búa. Til þess að ná því markmiði þurfti að samræma löggjöf aðildarríkjanna á sviði félagaréttar. Undir félagarétt fellur m.a. löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög.

Í 77. gr. samningsins segir að XXII. viðauki við samninginn geymi sérstök ákvæði um félagaréttinn. Í XXII. viðaukanaum er að finna upptalningu á tilskipunum sem fjalla um samræmingu á félagarétti aðildarríkjanna. Þeim tilskipunum má skipta upp í 4 flokka: 1. um rétt hluthafa í hlutafélögum, 2. um samruna og skiptingu almenningshlutafélaga, 3. um ársreikninga félaga og því um líkt og 4. um hlutafélög eins aðila. Fjórar af níu tilskipunum viðaukans fjölluðu um ársreikninga og skyld atriði, þegar samningurinn var gerður.

2.3.1 Uppbygging ársreikninga

Í 3. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga kemur fram að þá skuli semja í samræmi við lög, reglugerðir og settar reikninsskilavenjur eftir því sem við á. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð, skilum og birtingu ársreiknings fyrir hvert ár sbr. 1. másl. 2. mgr. 3. gr. laganna.

Í 3. gr. laganna kemur fram að ársreikningur skuli að lágmarki samanstanda af rekstrarreikningi, efnahagsreikning og skýringum. Ársreikningar allra félaga sem ekki teljast örfélög skulu einnig hafa að geyma skýrslu stjórnar en ársreikningar meðalstórra og stórra félaga skulu hafa að geyma sjóðstreymisýfirlit.

2.3.1.1 Rekstrarreikningur

Tilgangur rekstrarreiknings er að gefa glögga mynd af því hvernig rekstur fyrirtækisins hefur gengið. Í rekstrarreikningi kemur fram yfirlit yfir gjöld og tekjur viðkomandi fyrirtækis á reikningsskilatímabilinu. Upplýsingum sem fram koma í rekstrarreikningi er ætlað að veita lesendum hans forsendur til þess að meta árangur liðins tíma. Haghafar geta notað upplýsingar úr rekstrarreikningi til þess að meta arðsemi, virði fjárfestinga og lánshæfi viðkomandi fyrirtækis. (Schroeder, Clark og Cathey, 2014)

Hér er vert að benda á að upplýsingar sem fram koma í rekstrarreikningi eru háðar ýmsum takmörkunum. Sem dæmi um takmarkanir má nefna að hvaða reikningskilaaðferð er beitt getur haft mikil áhrif á niðurstöðu rekstrarreikningsins. Jafnframt geta mismunandi afskriftaaðferðir haft mikil áhrif á niðurstöðu rekstrarreikningsins. (Schroeder, Clark og Cathey, 2014)

2.3.1.2 Efnahagsreikningur

Markmið efnahagsreiknings er að veita upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækja. Þar er gerð grein fyrir eignum þeirra og fjármögnun. Fjármögnunin getur annarsvegar verið í formi lánsfjár og hinsvegar í formi eiginfjár. Út úr efnahagsreikningi geta lesendur greint greiðsluhæfi fyrirtækja ásamt því að meta gjaldþol þeirra. Með greiðsluhæfi er átt við möguleika fyrirtækja til þess að greiða skuldbindingar sínar til skamms tíma litið. Með gjaldþoli er átt við hæfi fyrirtækja til þess að standa við skuldbindingar sínar til lengri tíma litið (Schroeder ofl., 2014).

2.3.1.3 Skýringar

Skýringar eru einn af þeim þremur þáttum sem ársreikningar allra fyrirtækja þurfa að geyma. Skýringar eru yfirleitt umfangsmesti hluti ársreiknings. Í ársreikningum sem fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum hefur skýringarhlutinn þanist út og geta hlaupið á mörgum tugum blaðsíðna (Árni Claessen, 2015) Í kafla 2.2.2.5 hér að framan var fjallað um vandann sem tengist ofgnótt upplýsinga í hefðbundnum reikningsskilum. Beinist sú gagnrýni ekki sýst að skýringarhluta ársreikninga. Notendur ársreikninga hafa einkum gagnrýnt að of mikið sé um staðlaðar og almennar textalýsingar í skýringum. (Árni Claessen, 2015)

Töluverð vinna hefur verið lögð í að breyta nokkrum reikningsskilastöðlum í því augnamiði að bæta upplýsingagjöf. Sem dæmi má nefna að Alþjóðlega reikningssskilaráðið (IASB) setti afstað árið 2012 sérstakt verkefni sem hafði það að markmiði að bæta upplýsingar í ársreikningum.. (Árni Claessen, 2015)

Með aukinni meðvitund um ofgnótt upplýsinga í ársreikningum, og þá einkum skýringarhluta þeirra, hafa mörg fyrirtæki nú þegar unnið talsvert í því að bæta skýringahlutann í því augnamiði að gera ársreikninga sína hnitmiðaðari. (Árni Claessen, 2015)

2.3.1.4 Skýrsla stjórnar

Í 5. másl. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 3/2006 kemur fram að ársreikningur lítilla, meðalstórra og stórra félaga skuli einnig hafa að geyma skýrslu stjórnar. Í VI. kafla laganna koma fram þær kröfur sem skýrsla stjórnar þarf að uppfylla. Nánar verður fjallað um inntak þeirra krafna í kafla 4.

Ekki hefur verið fjallað mikið um skýrslu stjórnar í íslenskum fræðaskrifum. Skýrsla stjórnar er hluti ársreiknings en endurskoðendur virðast ekki vera sammála um hvert hlutveir endurskoðenda sé í endurskoðun á skýrslu stjórnar. (FLE, 2017)

Í 2. másl. 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 kemur fram að endurskoðandi á að geta þess í áritun sínu hvort skýrsla stjórnar geymi þær upplýsingar sem þar ber að veita. Þó stendur eftir hvort og þá hvernig endurskoðendum beri að staðfesta upplýsingar sem fram koma í skýrslu stjórnar.

Í febrúar árið 2017 birti Félag löggiltra endurskoðenda skjal á heimasíðu sinni sem innihélt atriði, sem félagið taldi vera, álitamál í tengslum við ársreikningalögin ásamt ályktunum Reikningsskilanefndar félagsins. Í skjalinu kemur fram að reikningsskilanefnd félags löggiltra endurskoðenda taki enga ábyrgð á notkun skjalsins við túlkun ákvæða um ársreikninga. Þrátt fyrir þennan fyrirvara er áhugavert að rýna í þau atriði sem þar koma fram.

Í skjalinu er tiltekið að reiknisskilanefnd félags löggiltra endurskoðenda hafi beðið endurskoðendaráð um álit á því hvernig skuli staðfesta upplýsingar sem fram komi í skýrslu stjórnar. Félagið telur ljóst, með vísan í 3. gr. laga nr. 3/2006 að skýrsla stjórnar sé hluti ársreiknings. Félagið telur einnig ljóst að endurskoðanda beri að yfirfara hvort upplýsingar sem krafist er skv. lögnum séu þar að finna. Það sem er óljóst, að mati reiknisskilanefndar félags löggiltra endurskoðenda er hvort endurskoðendur eigi að staðfesta þær upplýsingar sem fram koma í skýrslu stjórnar, þ.e. hvort þær séu réttar eða hvort endurskoðanda beri aðeins að vekja athygli á því ef upplýsingar vantar. Í skjalinu tekur reiknisskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda ekki afstöðu til þessa álitamáls (FLE, 2017).

2.3.1.5 Sjóðstreymisfirlit

Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 3/2006 kemur fram að ársreikningar meðalstórra og stórra fyrirtækja skuli hafa að geyma sjóðstreymisfirlit.

Sjóðstreymi sýnir innstreymi og útstrymi handbærs fjár. Til þess að notendur ársreikninga geti áttað sig á heildarmyndinni er mikilvægt að lesa rekstrarreikninginn með hliðsjón af sjóðstreymisyfirlitinu. (Jón Rafn Ragnarsson, 2015)

Sjóðstreymisyfirlit er notað í samhengi við aðra hluta reikningsskilanna og veitir upplýsingar sem gera lesendum kleyft að meta m.a. breytingar á hreinum eignum, að meta gjaldþol og greiðsluhæfi, og meta getu fyrirtækis til að aðlagast breyttum aðstæðum. Upplýsingar sem fram koma í sjóðstreymisyfirliti eru gaglegar við mat á getu fyrirtækja til þess að afla handbærsfjár. (Atvinnuvegaráðuneytið, 2006)

Upplýsingar í sjóðstreymisyfirliti byggja á liðnum tíma. Þær eru m.a. notaðar sem vísbending um vænt sjóðstreymi í framtíðinni.

2.3.2 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og ársreikningalögin

Með aukinni alþjóðavæðingu í viðskiptum félaga var gerð krafa um alþjóðlega samræmingu í reglum um reikningsskil. Hugmyndin með alþjóðlegri samræmingu reikningsskilareglna var sú að sambærileg fyrirtæki notuðu sömu reikningsskilareglur óháð því hvar þau eru staðsett. Með því væri auðveldara að bera þau saman ásamt því að haghafar hvar sem er í heiminum gátu fengið skýrar, áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar um rekstur msimunandi fyrirtækja. (Sigurður Þórðarson, 2004)

Árið 1973 var Alþjóða reikningsskilanefndin (e. International Accounting Standards Committee) stofnuð. Stofnendur hennar voru félög löggiltra endurskoðenda 10 þjóða. Tilgangur nefndarinnar var að semja alþjóðlega reikningsskilastaðla. Staðlarnir fengu nafnið IAS- staðlar (e. International Accounting Standards). Nefndin starfaði allt til ársins 2001 og gaf út 41 staðal. Árið 2001 var sett á fót ný nefnd, sem tók við af Alþjóða reikningsskilanefndinni, Alþjóða reikningsskilaráðið (e. International Accounting Standards Board). Staðlar sem Alþjóða reikningsskilaráðið semur og gefur út eru nefndin IFRS- staðlar (e. International Financial Reporting Standards) (Sigurður Þórðarson, 2004)

Þessari alþjóðavæðingu í gerð reikningsskilastaðla var fylgt eftir af Evrópusambandinu. Þann 19. júlí árið 2002 samþykkti Evrópuþingið og Evrópuráðið reglugerð 1606/2002 sem kvað á um að félög sem skráð höfðu verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES-svæðisins væri skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðum (IAS/IFRS) (Sigurður Þórðarson, 2004)

Tilgangur gerðarinnar var sá að stuðla að fjármagnsmarkaðurinn væri skilvirkur og kostnaðarhagkvæmur, stuðla að frjálsum fluttningi fjármagns á innri markaðnum, stuðla að því að félög sem störfuðu innan bandalagsins stæðu jafnt að vígi í samkeppni um fjármagn, vernda fjármagseigendur og auka traust á markaðinum. (Sigurður Þórðarson, 2004)

Reglur þessar tóku gildi 1. janúar árið 2005 að sambandsrétti. Þar sem Ísland er aðili að EES- samningnum var það skuldbundið að taka reglurnar upp í landsrétt. Með lögum nr. 45/2004 var reglugerð ESB nr. 1606/2002, um innleiðingu reikningssskilastaðla alþjóðlegu reikningssskilanefndarinnar IASB lögfest og frá þeim tíma hafa þau félög sem hafa skráð verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði verið skylt semja reikningssskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla.

2.4 Umboðsvandi og ósamhverfar upplýsingar

Kjarni þeirra kröfu að félögum sé skylt að veita upplýsingar til hluthafa sinna og annarra haghafa varðar að miklu leiti svokallaðan *umboðsvanda* (e. agency theory) og kenninguna um ósamhverfar upplýsingar (e. asymmetric information). Þar sem þessi tvö hugtök eru mikilvæg til þess að skilja bæði eðli upplýsinga sem fyrirtæki veita almennt og þá kröfu sem á þau eru lögð verður þessum hugtökum gerð stutt skil í næstu tveimur undirköflum.

2.4.1 Umboðsvandi (e. agency problem)

Tilkoma félagaförmisins með takmarkaða ábyrgð t.d hlutafélög og einkahlutafélög, sem lýst er í kafla 2.1. hér að framan hafði afgerandi áhrif á hvernig fyrirtækjum er stjórnað. Aðskilnaður stjórnunar og eignarhalds fyrirtækja sem fylgdi tilkomu félaga með takmarkaða ábyrgð hafði áhrif á hvernig fyrirtækjum var stjórnað. (Solomon, 2007). Einn af fylgifiskum aðskilnaðar eignarhalds og stjórnunar var að hagsmunir stjórnenda og eigenda fyrirtækja fara ekki alltaf saman. Sá vandi sem skapast við þær aðstæður hefur verið nefndur *umboðsvandi* (e. agency problem)

Umboðsvandi er s.s. sá vandi sem skapast þegar hagsmunir eins aðila, þ.e. umbjóðanda, eru háðir ráðstöfunum annars aðila, þ.e. umboðsmannsins. Vandamálið sem skapast við þessar aðstæður er að hagsmunir umboðsmannsins og umbjóðandans fara ekki alltaf saman heldur þvert á móti ganga gegn hver öðrum. Kenningin um umboðsvandan gengur út á að þegar hagsmunir stjórnenda og eigenda fyrirtækja fara

ekki saman sé hætt á að stjórnendur freistist til þess að taka ákvarðanir sem miði að því að hámarka sinn eigin ágóða í stað þess að huga að hagsmunum eigenda fyrirtækisins. Stjórnendur geta t.a.m. átt það til að taka ákvarðanir sem stuðli að hærri bónus greiðslum til sín með því að einblína um of á verkefni sem skila miklum ágóða til skemmri tíma í stað þess að miða að langtíma ávöxtun. Þessi tilhneiging stjórnenda getur valdið því að rekstur félags standi ekki lengur undir sér. (Thriccker, 2015)

Kjarni umboðsvandans hverfist í kringum þá staðreynd að þar sem umboðsmaðurinn hefur betri upplýsingar getur umbjóðandinn ekki sannreynt að umboðsmaðurinn sé að starfa af heilindum í sína þágu. (Gylfi Magnússon, 2002)

2.4.2 Ósamhverfar upplýsingar (e. asymmetric information)

Þegar aðilar sem eiga í viðskiptum búa yfir ólíkum upplýsingum er talað að þeir búi yfir ósamhverfum upplýsingum (e. asymmetric information). (Gylfi Magnússon, 2002)

Ósamhverfar upplýsingar eru til staðar í flestum viðskiptum enda eðlilegt að seljandi vöru búi yfir betri upplýsingum en kaupandi.

Vandinn sem felt í ósamhverfum upplýsingum, í tengslum við umboðsvanda, er hins vegar sá að umboðsmaðurinn hefur eðli málsins samkvæmt betri upplýsingar og yfirsýn en umbjóðandi hans. Af þeim sökum er erfitt fyrir umbjóðandann að ganga úr skugga um að umboðsmaðurinn vinni af heilindum að hagsmunum umbjóðandans en ekki í þágu sinna eigin hagsmuna. Því er ljóst að ósamhverfar upplýsingar er mikilvægur hluti af umboðsvanda. (Gylfi Magnússon, 2002)

Ósamhverfar upplýsingar og sá vandi sem þeim fylgja er vel þekktur og hefur verið rannsakaðu. Nóbelsverðlaunahafarnir Akerlof, Spencer og Stiglitz, fengu t.a.m. nóbelsverðlaunin fyrir rannsóknir sínar um langvarandi áhrif ósamhverfra upplýsinga á mörkuðum. (Rosser og Madison, 2002)

Ósamhverfar upplýsingar skipta ekki aðeins máli í tengslum við umboðsvandann heldur skiptir þessi staða máli í flestumviðskiptum milli aðila. Eðli viðskipta er yfirleitt þannig að seljandi hefur betri upplýsingar um söluandlagið en kaupandinn. Það getur krafist mikils kostnaðar fyrir kaupanda að afla sér upplýsinga um söluandlagið. Kaupendur eru oft margir, t.a.m. í hlutafjórðingum, og því væri það samfélagslega óahkvæmt ef hver og einn kaupandi þyrfti að afla sér sömu upplýsinga til þess að eiga í viðskiptum.

Ósamhverfar upplýsingar geta jafnvel leitt til þess að markaðir verði óskilvirkir, enda er ein grundvallar forsenda að markaðir geti verið skilvirkir að kaupendum og seljendum séu upplýstir um söluandlagið. Í sinni ýktustu mynd geta ósamhverfar upplýsingarjafnvel komið í veg fyrir að menn eigi í viðskiptum með tiltekna vöru. (Gylfi Magnússon, 2002)

Skortur á upplýsingum til þeirra sem taka mikilvægar fjárhagslegar ákvarðanir um hvort fjárfesta eigi í tilteknu fyrirtæki eða eftir atvikum veita því lán gerir auknar kröfur um gæði reikningskila. Jafnframt hafa kröfur um viðbótar upplýsingar, þ.e. ófjárhagslegar- og framsýnar upplýsingar aukist til þess að takmarka ósamræmi í upplýsingum milli aðila á markaði. (Bartolini, Santini og Silvi, 2013)

3 Upplýsingagjöf fyrirtækja

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir hefðbundum reiknisskilum fyrirtækja og þeim upplýsingum sem þar koma fram. Upplýsingagjöf fyrirtækja er í sífelldri þróun. Ástæða þróunarinnar stafar af breyttum kröfum samfélagsins um auknar upplýsingar og gæði þeirra ásamt gagnrýni á notagildi sem hefðbundin reikningsskil hafa þurft að sæta. Gagnrýni á notagildi þeirra upplýsinga sem fram koma í hefðbundnum ársreikningi er margskonar. Hægt er að flokka gagnrýni á notagildi ársreikninga í þrjá breiða flokka. Í fyrsta lagi að þeir eru of langir og flóknir, í öðru lagi birta þeir ekki ákveðnar tegundir upplýsinga sem fjárfestar þurfa (þá einkum ófjárhagslegar viðbótar upplýsingar) og í þriðja lagi að í ársreikningum er skortur á upplýsingum sem hjálpa fjárfestum að meta framtíðar árangur fyrirtækja. (Marco Fasan, 2013)

Fyrirtæki veita margskonar upplýsingar. Í þessari umfjöllun verður greiningunni á upplýsingagjöf fyrirtækja skipt í þrjá flokka. Í fyrsta flokknum er horft til þess hvort upplýsingagjöf er veitt af fúsum og frjálsum vilja (e. voluntary disclosure) eða hvort hún sé lögbundin (e. mandatory). Í öðrum flokknum er horft til þess hvort upplýsingar séu fjárhagslegar (e. financial) eða ófjárhagslegar (e. non-financial). Í þriðja flokknum er sjónum beint að því hvort upplýsingar séu byggðar á sögulegum grunni (e. historical) eða hvort um sé að ræða framsýna upplýsingagjöf (e. forward-looking information).

3.1 Valkvæð eða lögbundin upplýsingagjöf

Lögbundin upplýsingagjöf vísar í upplýsingar sem fyrirtækjum ber skylda að veita skv. lögum og reglum. Valkvæð upplýsingagjöf er aftur á móti upplýsingar sem fyrirtæki veitir sem er annað hvort umfram þær kröfur sem er að finna í lögum og reglum eða upplýsingar sem fyrirtækið tekur alfarið upp hjá sjálfu sér að veita. (Demartin og Trucco, 2017)

3.1.1 Valkvæð upplýsingagjöf

Fyrirtæki kjósa að veita viðbótar upplýsingar með ýmsum hætti. Sem dæmi má nefna fréttatilkynningar, kynningar og skýrslur sem birtar eru á heimasíðum félaga. Allar þessar upplýsingar eru veittar m.a. til að gefa fjárfestum meiri og betri innsýn inn í rekstur félaganna og draga úr ósamhverfum upplýsingum. (Demartin og Trucco, 2017). Hafa verður í huga að kostnaður við gerð skýrslna og greininga sem gefnar eru út getur verið mikill. Skv. kenningunni um upplýsingar (e. disclosure theory) munu fyrirtæki aðeins birta

upplýsingar sem þau hafa val um að veita ef þau sjá fram á að ágóðinn af birtingunni sé meiri en kostnaðurinn. Ágóðinn af því að veita upplýsingar getur verið í formi lægri fjármagnskostnaðar ef fjárfestar hafa meiri trú á starfseminni í kjölfar upplýsinganna sem eru veittar. (Demartin og Trucco, 2017).

Próunin á alþjóðavísu hefur verið í þá átt að fyrirtæki hafa í auknum mæli farið út fyrir lögbundnar kröfur um upplýsingagjöf. Internetið virðist vera einn helsti vettvangur sem fyrirtæki nota til þess að koma valkvæðum upplýsingum á framfæri. (Demartin og Trucco, 2017).

Upplýsingar sem fyrirtæki kjósa að veita af fúsum og frjálsum vilja geta, eins og áður segir, stuðlað að minnkun ósamhverfra upplýsinga, þó aðeins ef upplýsingarnar eru traustar og réttar. Ef fyrirtæki veitir ónákvæmar upplýsingar sem fjárfestar sjá að þeir geta ekki treyst er hættu á neikvæðum áhrifum fyrir fyrirtæki. Slíkar upplýsingar geta valdið tortryggni fjárfesta til allra upplýsinga sem fyrirtækið veitir. (Demartin og Trucco, 2017)

Valkvæð upplýsingagjöf getur verið fjárhagsleg og ófjárhagsleg. Að sama skapi getur hún byggt á sögulegum grunni eða verið framsýn.

3.1.2 Lögbundin upplýsingagjöf

Lögbundin upplýsingagjöf vísar í þær upplýsingar sem fyrirtækjum er skylt að veita lögum samkvæmt. Lögbundin upplýsingagjöf getur verið fjárhagsleg eða ófjárhagsleg ásamt því að hún getur annað hvort byggt á sögulegum grunni eða verið framsýn.

Í lögum og reglum er víða að finna ákvæði sem skylda stjórnendur til þess að veita upplýsingar sem tengjast rekstri þeirra fyrirtækja sem þeir stýra. Hér er ekki tæmandi talning þeirra reglubundnu upplýsinga sem fyrirtækjum er skylt að veita heldur verða aðeins nefnd dæmi til skýringa.

Áður hefur verið fjallað með nokkuð ítarlegum hætti um lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Ætla má að ársreikningar séu umfangsmestu upplýsingar sem fyrirtæki veita lögum samkvæmt.

Upplýsingaskylda þeirra fyrirtækja sem eru með skráð verðbréf á skipulegum markaði er einnig lögbundin upp að vissu marki. Núgildandi lög um kauphallir eru lög nr. 110/2007. Samhliða settningu laga um kauphallir voru einnig sett lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Framangreind lög eiga eins og ársreikningalögin rót sína að rekja til

Evrópuréttar. Með lögum nr. 110/2007 var innleidd Evróputilskipun nr. 2004/39/ESB sem kölluð er MiFID tilskipunin (e. Markets in Financial Instruments Directive). Með lögum nr. 108/2007 var innleidd Evróputilskipun nr. 2004/109/ESB um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað. (frumvarp til laga nr. 110/2007)

Tilgangur upplýsingaskyldu útgefanda skráðra verðbréfa er í fyrsta lagi að skapa grundvöll fyrir betri ákvarðanatöku fjárfesta og annarra sem nota upplýsingarnar. Í öðru tryggja að upplýsingarnar liggi fyrir eins fljótt og kostur er og þannig er stuðla að jafnrétti fjárfesta með því að tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar samtímis fyrir alla. Ef sumir fjárfestar hafa betri aðgang að upplýsingum en aðrir skapast ójafnræði sem vinnur gegn skilvirkni markaðarins.

Í lögum nr. 110/2007 um kauphallir er að finna ítarleg ákvæði um upplýsingaskyldu. Í VII. kafla laganna kemur er að finna ákvæði um reglulega upplýsingagjöf. Þar ber hæst að nefna að í 57. gr. laganna kemur fram skylda að birta ársreikning eins fljótt og auðið er eftir lok reikningsársins, en eigi síðar en fjórum mánuðum frá lok þess. Í 58. gr. laganna kemur fram að útgefandi hlutabréfa og/eða verðbréfa skal birta opinberlega árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins. Í VIII. kafla laganna koma fram aðrar skyldur útgefanda um veitingu upplýsinga.

Eins og með aðra lögbundna upplýsingagjöf togast á sjónarmiðin um að skyldu fyrirtæja til þess að veita upplýsingar, svo fjárfestar geti tekið betri ákvarðanir, á við sjónarmið fyrirtækjanna að birta upplýsingar þegar þau telja það vera hagkvæmt en ekki fyrr. (Jóhannes Sigurðsson, 2003)

3.2 Fjárhagsleg og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Upplýsingar sem fyrirtæki veita geta verið fjárhagslegar og ófjárhagslegar. Tilhneiging markaðarins hefur lengi verið sú að krefjast fyrst og fremst fjárhagslegra upplýsinga fyrir ákvarðanatöku. (FEE, 2017). Til marks um það má benda á að settar hafa verið margskonar reglur og staðlar um framsetningu fjárhagslegra upplýsinga og útboðslýsinga.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf vísar í þessu samhengi til allra upplýsinga sem ekki eru fjárhagslegar. Báðar tegundir stuðla að því að minnka upplýsingaójafnvægið og stuðla að betri ákvarðanatöku fjármagnsveitenda. (FEE, 2017)

Fjárhagsleg upplýsingagjöf hefur sína kosti, en hún hefur einnig sínar takmarkanir. Rannsóknir hafa sýnt að ófjárhagslegir mælivarðar geta veitt betri innsýn inn í stöðu félaga, í það minnsta í ákveðnum atvinnugeirum. (Cohen, Webb, Nath og Wood, 2012)

Aukin krafa um ófjárhagslegar upplýsingar á einnig rætur sínar í aukinni meðvitund samfélagsins alls um að krefjast þess að fyrirtæki séu ábyrg og stundi sjálfbæra starfsemi. Lögfestar hafa verið kröfur um að ákveðin fyrirtæki veiti upplýsingar um m.a. umhverfis stefnu sína og stefnu í öðrum samfélagslegum málefnum. (FEE, 2017)

3.2.1 Fjárhagsleg upplýsingagjöf (e. financial information)

Fjárhagsleg upplýsingagjöf samanstendur af margskonar fjárhagslegum upplýsingum um fyrirtæki. Hér er rétt að áréttta að fjárhagsleg upplýsingagjöf fyrirtækja er á engan hátt bundin við upplýsingar sem eiga að koma fram í ársreikningi félaga. Dæmi um fjárhagslega upplýsingagjöf eru ársreikningur félags, afkomutilkynningar, fjárhagsáætlanir, hér er þó að sjálfsgöðu ekki um tæmandi talningu að ræða. (FEE, 2017)

Sumir vilja meina að notendur upplýsinga fyrirtækja séu nú þegar farnir að reiða sig minna á ársreikninga félaga og meira á aðrar fjárhagslegar upplýsingar. Sem dæmi má nefna hagnaðartilkynningar (e. earning announcements) (FEE, 2017). Notagildi upplýsinganna er þeim mun meira ef þær koma tímanlega til fjárfesta. Hér skiptir áreiðanleiki upplýsinga einnig miklu máli. Notendur upplýsinga virðast upp að vissu marki treysta upplýsingum sem stafa frá fyrirtækjum jafnvel þó að þær hafi ekki farið í gegnum sama staðfestingafæri og ársreikningur þarf að gera (FEE, 2017)

3.2.2 Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (e. non-financial information)

Virði ófjárhagslegrar upplýsingagjafar hefur aukist undanfarin ár. (FEE, 2017) (Demartini og Trucco, 2017) Vandamál sem tengjast hefðbundinni fjárhagslegri upplýsingagjöf eru einkum þau að þau byggjast á sögulegum gögnum, þar sem lagt er mat á virði eigna fyrirtækis þar sem fortíðar upplýsingar eru lagðar til grundvallar. Þar sem hefðbundnar fjárhagslegar upplýsingar s.s. ársreikningar byggja á sögulegum forsendum hefur framtíðar spágildi þeirra um framtíðar hæfni fyrirtækis til að skapa virði takmarkað gildi.

Því geta ófjárhagslegar upplýsingar verið mikilvægar fyrir fjárfesta við mat á framtíðar hæfni fyrirtækisins til virðissköpunar. (Demartini og Trucco, 2017)

Þar sem hefðbundnar fjárhagslegar upplýsingar s.s. ársreikningar o.fl. Hafa takmarkað notagildi fyrir haghafa vaknar spurningin um hvaða ófjárhagslegu viðbótar upplýsingar gagnist mögulegum haghöfum.

Búið er að lögfesta skyldu stórra félaga og einingar tengdar almannahagsmunum til þess að upplýsa m.a. um samfélagslegaábyrgð sína, umhverfisstefnu o.fl. sbr. 66. gr. d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Almennigur hefur haft vaxandi áhuga á umhverfismálum og vill geta aflað sér upplýsingar um hvaða fyrirtæki er ábyrgt að stunda viðskipti við og hvernig þau stuðla að sjálfbærni (Busco, Frigo, Quattrone og Riccaboni, 2013)

Hins vegar hefur komið í ljós að fjárfestar hafi meiri áhuga á ófjárhagslegri upplýsingagjöf sem hefur skýrari og bein áhrif á framtíðar virðissköpun fyrirtækja. Dæmi um ófjárhagslegar upplýsingar sem geta verið gagnlegar fyrir fjárfesta að fá eru upplýsingar um markaðshlutdeild, gæða staðla, ánægju viðskiptavina, ánægju starfsmanna ásamt fleirri þáttum. (Cohen, Holder-Webb, Nath og Wood, 2012).

Fyrir haghafa getur verið nauðsynlegt að fá ófjárhagslegar viðbótar upplýsingar til þess að þeir geti borið fyrirtæki saman við samkeppnisaðila og til þess að skilja hver núverandi staða þess er á markaði og jafnframt að átta sig á hverjir framtíðarmöguleikar þess eru innan þeirrar starfsgreinar sem fyrirtækið starfar í. (Cohen, Holder-Webb, Nath og Wood, 2012).

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf hefur verið nefnd sem lykil þáttur í því að minnka ósamræmi í upplýsingum milli stjórnenda og fjárfesta að því gefnu að réttar ófjárhagslegar lykil upplýsingar séu veittar. (FEE, 2017)

3.3 Framsýnar upplýsingar og upplýsingar sem byggja á sögulegum grunni

Síðasti flokkur upplýsinga sem fjallað verður um í þessari ritgerð eru annars vegar upplýsingar sem eru framsýnar (e. forward looking) og hins vegar upplýsingar sem byggja á sögulegum grunni (e. historical information).

Eins og nafnið gefur til kynna eru upplýsingar sem byggja á sögulegum grunni þær upplýsingar sem miðla því sem er þegar liðið. Framsýnar upplýsingar eru aftur á móti þær upplýsingar sem miða að því að upplýsa um hvernig fyrirtækið muni standa í framtíðinni.

Upplýsingar sem byggja á sögulegum grunni eru þess eðlis að unnt er að sannreyna þær. Það er erfiðara þegar kemur að framsýnum upplýsingum. Eðli málsins samkvæmt er erfitt að sjá hvernig framtíðin liggur. Upplýsingar sem eru annað hvort framsýnar eða byggja á sögulegum grunni geta bæði verið fjárhagslegar eða ófjárhagslegar en þær geta líka verið veittar af fúsum og frjálsum vilja eða lögbundnar. Ekki verður að fjalla sérstaklega, umfram það sem hér hefur verið gert, um upplýsingar sem byggja á sögulegum grunni en í næsta undir kafla verður fjallað um framsýna upplýsingagjöf.

3.3.1 Framsýn upplýsingagjöf

Vaxandi áhersla er á að fyrirtæki á heimsvísu veiti framsýnar upplýsingar og láti fylgja með bæti sínum hefðbundnu reikningsskilum. (Busco, Frigo, Riccaboni og Quattrone, 2017)

Sú hugmynd að skylda fyrirtæki til þess að veita framsýnar upplýsingar reglur um, gæði, form og efni þeirra er ekki laus við gagnrýni. Gagnrýnendur hafa bent á að slíkar upplýsingagjöf geti skaðað samkeppnishæfni þeirra. Aðrir benda á að upp geta komið flókin lagaleg úrlausnarefni ef hlutirnir þróast ekki á þann hátt sem gert er ráð fyrir í þeim upplýsingum sem eru veittar. (Busco ofl., 2017)

Fyrirtæki sem veita viðeigandi framsýnar upplýsingar geta hagnast töluvert. Upplýsingar um þær áskoranir sem það stendur frammi fyrir og hvernig það muni takast á við þær geta gefið fjárfestum meiri tiltrú á starfseminni og þar með lækkað fjármagnskostnað. Engu að síður eru stjórnendur oft tregir til þess að veita slíkar upplýsingar. (PWC, 2016). Ótti við að krafa um veitingu slíkar upplýsinga muni neyða þá til þess að upplýsa um viðkvæm atriði sem muni skaða samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem þeir stjórna. Annað sem hefur verið nefnt er hræðslan við að fyrirtæki verði neydd til þess að upplýsa um viðkvæm viðskiptaleyndarmál. Þriðja dæmið sem vert er að nefna er að með því að birta spá um framíðar hagnað verði þau berskjölduð fyrir lögsóknum ef hlutirnir þróast á annan veg. (PWC, 2007)

Ekki er hægt að hofra framhjá því að flest fyrirtæki búa yfir upplýsingum sem eru þess eðlis að það myndi skaða samkeppnishæfni þeirra að vera neydd til þess að birta þær opinberlega. Fyrirtæki þurfa þvert á móti að nálgast veitingu framsýnna upplýsinga með

rétta hugarfari. Í stað þess að nálgast viðfangsefnið út frá því að einblína á hvað þau eigi að birta er mikilvægt að menn hugi frekar að því hvaða upplýsingar eru þess eðlis að réttlætanlegt sé að þeim sé haldið eftir. Sem dæmi má nefna að lyfjafyrirtæki ættu að nálgast veitingu upplýsinga um vörur sem eru í þróun út frá því að birta hvar vörur eru í þróunarferli, hvenær sé áætlað að setja þær á markað, mögulegt markaðshlutfall o.s.frv. Slíkar upplýsingar myndu ekki skaða samkeppnishæfni þeirra. Nákvæm lýsing á hver sé formúla einstakra lyfja er aftur á móti dæmi um upplýsingar sem réttlætanlegt að halda eftir og birta ekki. Með þessari nálgun geta fyrirtæki veitt fjárfestum upplýsingar sem eru grundvallar forsenda þess að skilja virðismyndun rekstrarins, án þess að skaða samkeppnishæfni fyrirtækisins. Hér er mikilvægt að fyrirtæki finni jafnvægið milli þeirra upplýsinga sem nýtast fjárfestum til að taka ákvarðanir um veitingu fjármagns og þeirra upplýsinga sem geta mögulega skaðað samkeppnishæfni fyrirtækis. (PWC, 2007)

Framsýn upplýsingagjöf getur ekki verið fyllilega nákvæm. Það liggur í eðli hennar. Fyrirtæki sem veigra sér við að veita framsýnar upplýsingar, af ótta við að upplýsingarnar séu ekki nógu nákvæmar, eru hins vegar að missa af mikilvægum þætti. Framsýn upplýsingagjöf er í eðli sínu ólík þeim upplýsingum sem er að finna í hefðbundum reikningskilum, enda byggja reiknisskil á sögulegum grunni. Þar sem framsýn upplýsingagjöf byggir á greiningu og spám geta þær reynst rangar. Mikilvægt er að bæði fjárfestar og þeir sem hyggjast veita slíkar upplýsingar geri sér grein fyrir því. Fyrirtæki geta birt þær forsendur sem liggja að baki framtíðar spám sem þau veita. Með því að veita fjárfestum aðgang að þeim upplýsingum og forsendum sem liggja að baki spánni geta fjárfestarnir sjálfir tekið ákvörðun um hversu áreiðanleg spáin er. (PWC, 2007)

Ekki er hægt að horfa framhjá því að með framsýnni upplýsingagjöf felast ákveðnar hættur fyrir fyrirtæki og stjórnendur þeirra. Hins vegar verður að horfa á heildarmyndina. Líkt og fram hefur komið í þessum kafla geta fyrirtæki nýtt sér þessa nýju nálgun í að skapa sér raunverulegt forskot, bæði á mörkuðum og lækkað fjármagskostnað sinn með því að auka tiltrú. (PWC, 2016) (PWC, 2007)

4 Skýrsla stjórnar

Í VI. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga er gerð grein fyrir þeim kröfum sem skýrsla stjórnar þarf að uppfylla. Kröfurnar eru umfangsmiklar en hafa ekki fengið mikla umfjöllun í fræðasamfélaginu. Ákvæði um skýrslu stjórnar koma að miklu leiti úr Evrópurétti. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim kröfum um upplýsingar sem felast í VI. kafla ársreikningalaga ásamt því að kröfurnar verða bornar saman við gildandi Evrópurétt.

4.1 Þróun í Evrópu

Lagasamræming á sviði félagaréttar er eitt af yfirlýstum markmiðum aðildarríkja Evrópusambandsins. Helsta áastæðan fyrir samræmingu á sviði félagaréttar eru að samræmdar reglur skapa jafnari samkeppnisstöðu félaga í mismunandi aðildarríkjum og auka viðskiptaöryggi. Samræming réttarretglan er að auki til þess fallin að gera stofnsetningu og rekstur nýrra félaga auðveldari, það er að segja að aðilar þekkja reglurnar sem gilda um hlutafélög innan EES-svæðisins og þurfa því ekki að kynna sér reglur hvers lands fyrir sig. Með samræmingu reglna minnka hindranir, rekstur og stofnun félaga yfir landamæri verður kostnaðar minni sem leiðir til þess að félög í erlendum ríkjum verða samkeppnishæfari við þau innlendu. Tilskipanir sem varða ársreikninga og reikningsskil eru talin falla undir félagaréttar hluta samningsins. (athugasemdir með frumvarp sem varð að lögum nr. 2/1993)

Árið 2013 tók gildi ný tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/34/ESB um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja. Aðdragandi tilskipunarinnar var nokkur. Árið 2008 samþykkti Evrópuþingið ályktun án lagasettningar um kröfur um reikningsskil lítilla, meðalstórra en þó einkum örfyrirtækja. Þar var tiltekið að þágildandi reikningsskilatilskipanir þóttu of íþyngjandi fyrir fyrirtæki sem féllu í áðurnefnda flokka. Í ályktuninni var því beint til framkvæmdastjórnarinnar að þessar tilskipanir væru endurskoðaðar með það að leiðarljósi að einfalda reikningsskil smærri fyrirtækja. Tilskipunin var ennfremur liður í því að samræma enn frekar ársreikninga löggjöf aðildarríkjana eins og fram kemur í inngangskafli hennar.

Markmið tilskipunarinnar frá 2013 var ennfremur að einfalda löggjöf sambandsins um málefnið. Áður giltu tilskipanir 78/660/ESB og 86/349/ESB. Með tilskipuninni frá 2013

voru eldri tilskipanir sameinaðar, ásamt því að einstökum efnispáttum var breytt. Með gildistöku hennar féllu þær eldri úr gildi.

Í þessum kafla verður leitast við að gera grein fyrir þeim reglum sem gilda á sviði sambandsréttar um upplýsingakröfur í skýrslu stjórnar bæði viðbótar fjárhagslegar upplýsingar og viðbótar ófjárhagslegar upplýsingar.

Um skýrslu stjórnar er fjallað í 5. Kafla tilskipunarinnar frá árinu 2013, nánar tiltekið 19. gr. og 20. gr. hennar. Þar sem umfjöllunarefni ritgerðarinnar er afmarkað við þær viðbótarupplýsingar sem snerta rekstur og rekstrarafkomu félagsins beint verður sjónum beint að 19. gr. um efni skýrslu framkvæmdastjórnar. Ekki verður fjallað um 20. gr. um yfirlýsingu um stjórnunarhætti fyrirtækja enda er hún utan við umfjöllunarefni þessarar ritgerðar.

Með tilskipuninni frá árinu 2013 var ekki að finna efnislegar breytingar á gildandi rétti sambandsins. Sambærilegar kröfur um efni skýrslu framkvæmdastjórnar voru að finna í 46. gr. tilskipunar nr. 78/660/ESB sem í daglegu tali er kölluð 4. tilskipunin.

Evrópusambandið hélt áfram þróun sinni á ársreikningatilskipuninni. Ljóst er að sjónir sambandsins fóru að beinast að ófjárhaglsegir upplýsingagjöf. Þann 22. október árið 2014 var tilskipun nr. 95/2014/ESB samþykkt en hún er viðbót við tilskipun nr. 2013/34/ESB. Markverðasta breytingin sem fylgidi nýju viðbótar tilskipuninni var að að nýrri reglu, 19. gr. a., um ófjárhagslegar upplýsingar í skýrslu stjórna, var bætt við.

Þróun sambandsréttar, á sviði viðbótar- og einkum ófjárhaglsegrar upplýsingagjafar hefur verið hröð sl. ár. Má leiða að því líkur að það endurspegli bæði mikilvægi málefnisins og að notendur reikningsskila, þá einkum fjármagnsveitendur, séu að átta sig á mikilvægi annarra upplýsinga en þeirra sem hafa hingað til komið fram í ársreikningum félaga.

4.1.1 Gildandi Evrópuréttur

Í 1. mgr. 19. gr. ársreikningartilskipunar ESB kemur fram að skýrsla stjórnar skuli gefa glögggt yfirlit (e. fair review) yfir þróun árangurs í rekstri fyrirtækis, stöðu þess ásamt lýsingu á megin óvissu og áhættupáttum sem það stendur frami fyrir. Yfirlitið skal vera heildstæð og ítarleg greining á þróun og árangri í rekstri fyrirtækisins og stöðu þess.

Greiningin á að fela í sér lykil árangursmælikvarða (e. key performance indicators) um árangur að svo miklu leyti sem þörf er á, til þess að skilja þróun, árangur og stöðu fyrirtækisins. Lykil árangursmælikvarðarnir skulu vera bæði fjárhagslegir og eftir atvikum ófjárhagslegir. Fram kemur að sem *greiningartæki* skuli skýrsla stjórnar fela í sér tilvísanir til fjárhæða sem settar eru fram í ársreikningnum og frekari skýringar á þeim. Í 2. undirgrein 19. gr. tilskipunarinnar kemur fram að í skýrslu stjórnar skuli einnig koma fram líkleg framtíðarþróun fyrirtækisins, upplýsingar um rannsóknar- og þróunarstarfsemi ásamt fleirri þáttum.

19. gr. tilskipunar 34/2013/ESB felur í sér kröfu um að í skýrslu stjórnar sé að finna upplýngar sem uppfylli þarfir fjármagnsveitenda og að gerð er krafa um að upplýsingar í skýrslu stjórnar séu settar fram með þeim hætti að hún nýtist sem greiningartæki eins og segir beint í tilskipuninni.

Í 19. gr. A. tilskipunar 95/2014/ESB er að finna ákvæði sem krefur félög tengd almannahagsmunum (e. Public Interest Entity), stór félög og móður félög stórra samstæðna um að veita viðbótar ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Í greininni kemur fram krafa um að í skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Einnig þarf að gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindarmálum og hvernig það sporni við spillingar og múturmálum. Yfirlitið þarf einnig að innihalda stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins, lýsingu á stefnu félgsins, skv. greininni ásamt lýsingu á hvaða áreiðanleikakönnunarferli félagið framfylgir. Gera skal grein fyrir megin áhættuþáttum sem tengjast þessum málum í rekstri félagsins. Einnig á að gera grein fyrir hvaða árangri félagið hefur náð skv. þeim stefnum sem sett er fram ásamt ófjárhagslegum lykil mælikvörðum sem eru viðeigandi fyrir fyrirtækið.

Evrópusamtök endurskoðenda hafa gefið út leiðbeinandi reglur um hvernig uppsetningu skýrslu skv. greininni skuli háttað. Í leiðbeiningunum kemur fram að ófjárhagsleg upplýsingagjöf eigi að vera hluti af skýrslu stjórnar, þó aðeins ef hún telst varða mikilvæg atriði (Federation of European Accountants (FEE), 2016).

4.1.2 Ákvæði um skýrslu stjórnar í íslensku ársreikningalögunum

Ákvæðin um skýrslustjórnar eru í VI. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Áður hefur verið greint frá því að nógildandi lög um ársreikninga byggja að mestu leyti á eldri lögum frá árinu 1994 um ársreikninga.

Ákvæðin um skýrslu stjórnar hafa þó tekið miklum breytingum frá árinu 1994. Í þágildandi lögum var aðeins að finna eitt ákvæði um skýrslu stjórnar, nánar til tekið 52. gr. laganna. Í 1. másl. 1. mgr. 52. gr. laganna kom fram að í skýrslu stjórnar skyldi veita upplýsingar um atriði sem væru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikingsárinu og kæmu ekki fram í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi eða skýringum, nema ef sérstakar áæstæður væru til að ætla að slíkt gæti skaðað félagið. Í 2. másl. 1. mgr. 52. gr. kom fram að ef veruleg óvissa ríkti um einstaka liði í ársreikningi eða ársreikninginn í heild skyldi veita upplýsingar um það í skýrslu stjórnar.

Í 3. mgr. 52. gr. kom fram að í félögum sem skráð voru á opinberu verðbréfaþingi skyldi gera grein fyrir samanburði á raunverulegri afkomu félagsins og rekstraráætlun þess hafi hún verið birt opinberla ásamt skýringum á helstu frávikum. Í 7. mgr. 52. gr. kom fram í 4 töluliðum að í skýrslu stjórnar ætti að gera grein fyrir eftir því sem við ætti 1. mikilvægum atvikum sem hefðu átt sér stað eftir lok reikningsársins. 2. framtíðarhorfum félagsins. 3. rannsóknar og þróunarstarfsemi og 4. útibúi félagsins erlendis ef einhver voru.

Hér að framan hefur aðeins verið gerð grein fyrir helstu og mikilvægustu atriðunum sem þágildandi 52. gr. laga nr. 144/1994 gerði kröfu um að kæmu fram í skýrslu stjórnar.

Í þágildandi 52. gr. laga nr. 144/1994 var að finna nokkuð umfangsmikla upplýsingaskyldu. Í því ljósi er athyglisvert að ekki fylgja umfangsmiklar skýringar í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 144/1994. Í athugasemdum um 52. gr. kemur fram að greinin fjalli um skýrslu stjórnar og að hún sé í mestu samræmi við 46. gr. 4. ársreikningartilskipunar Evrópusambandsins. Fram kemur að skýrsla stjórnar skuli vera hluti af ársreikningi þess þegar þar sé að finna upplýsingar sem skylt er að veita skv. lögnum sbr. 36. gr. laganna. Í frumvarpinu er svo vikið að því að skýrsla þessi skuli álvalt vera nefnd skýrala stjórnar sem sé frábrugðið því sem gildi í lögum um hlutafélög en þar var hún nefnd ársskýrsla (athugasemdir með frumvarp sem varð að lögum nr. 144/1994).

Í nógildandi lögum um ársreikninga nr. 3/2006 eru töluvert meiri kröfur á upplýsingar sem fram skulu koma í skýrslu stjórnar. 65. gr. laganna fjallar um upplýsingar sem skulu

koma fram í skýrslu stjórnna allra félaga. Í 1. mgr. 65. gr. kemur fram að upplýsa skuli um aðalstarfsemi félagsins. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að upplýsa skuli um atriði sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu, sem ekki koma fram í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi eða skýringum. Í 3. mgr. 65. gr. kemur fram að upplýsa skuli um mögulega óvissu við mat eða óvennulegar aðstæður sem kunna að hafa áhrif á matið ásamt því að tilgreina fjárhæðir eftir því sem við á. Í 4. mgr. kemur fram að upplýsa skuli um þróunina í starfsemi félagsins og fjárhagslegri stöðu þess.

Í 1. mgr. 66. gr. laga um ársreikninga kemur fram að einingar tengdar almannahagsmunum, meðalstór og stór félög, þar sem eignarhald eða notkun fjármálagerninga skiptir verulegu máli við mat á eignum, skuldum eða fjárhagsstöðu skuli til viðbótar við upplýsingar skv. 65. gr. gera grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu. Upplýsa skuli með hvaða hætti mat á einstökum líðum í reikningsskilum, t.d. afleiðusamningum, byggist á slíkri markmiðssetningu. Ennfremur skal upplýsa í skýrslu stjórnar um: 1. væntanlega þróun félagsins, að meðtöldum sérstökum forsendum og óvissuþáttum sem stjórnin hefur lagt til grundvallar í skýrslunni, 2. sérstaka áhættu umfram venjulega áhættu í starfsgrein félagsins, þ.m.t. viðskiptalega og fjármálalega áhættu sem kann að hafa áhrif á félagið. 3. áhrif ytra umhverfis á félagið og ráðstafanir sem hindra, draga úr eða bæta tjón sem félagið verður fyrir. Í 2. mgr. 66. gr. kemur fram að í félögum þar sem rannsóknar- og þróunarstarfsemi skiptir verulegu máli fyrir rekstur skuli gera grein fyrir slíkri starfsemi. Í 3. mgr. kemur fram að upplýsa skuli um mikilvægar vísbendingar um ófjárhagslegan árangur, þ.m.t. upplýsingar um umhverfis og starfsmannamál. Í 5. mgr. 66. gr. kemur fram að upplýsa skuli um útibú erlendis, séu þau til staðar. Í 6. mgr. 66. gr. kemur fram að heimilt sé að upplýsa um þau atriði sem kveðið er á um í 1.-4. mgr. ákvæðisins í skýringum í stað skýrslu stjórnar.

Hér virðist lagasettning hafa misfarist, upp að vissu marki. Í fyrsta lagi vekur athygli að gildissvið 66. gr. ársreikningalaga sem er afmarkað í 1. mgr. ákvæðisins er ekki í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins. 66. gr. á aðeins við um einingar tengdar almannahagsmunum, stór og meðalstór fyrirtæki þar sem eignarhald eða notkun fjármálagerninga skiptir verulegu máli við mat á eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og hagnaði. Ekki verður betur séð en að um sé að ræða matskennt gildissvið enda ekki fyllilega ljóst við hvað felst í orðunum "*þar sem eignarhald eða notkun fjármálagerninga*

skipti verulegu máli." Einnig er vert að nefna að heimildarákvæði 6. mgr. 66. gr. laganna gengur þvert gegn markmiðum 19. gr. tilskipunar Evrópusambandsins. Eins og fram kom í umfjöllun um 19. gr. kemur fram að skýrsla stjórnar eigi að nýtast sem greiningartæki og þar eigi stjórn félags að gefa heildstæða lýsingu á árangri í rekstri fyrirtækis, væntingum um framtíðina ásamt fleirri þáttum. Í 19. gr. tilskipunarinnar kemur hvergi fram að heimilt sé að veita umræddar upplýsingar í skýringum í stað skýrslu stjórnar. Einnig er vert að nefna að heimildarákvæði 6. mgr. 66. gr. laganna virðist ganga þvert gegn þeirri vinnu sem lögð hefur verið í að koma meira skipulagi á skýringar, og fjallað var um í kafla 2.2.2.5.

Í 66. gr. d. laga um ársreikninga hefur 19. gr. A um ófjárhagslega upplýsingaggjöf verið innleidd. Ákvæðið er í megin atriðum eins og tilskipunin og fjallað hefur verið um hér að framan.

Aðrar greinar IV. kafla íslensku ársreikningalaganna um skýrslu stjórnar s.s. 66. gr. c um góða stjórnunarhætti og 66. gr. e um skýrslu um greiðslur til stjórnvalda eru ekki mikilvægar í samhengi við efni þessarar ritgerðar og verður því ekki greint frá efnisinntaki þeirra.

5 IFRS 9 og áhrif staðalsins á framsýna upplýsingagjöf

Í þessum kafla verður sjónum beint að nýjum reikningskilastaðli, IFRS 9 fjármálagerningar Staðallinn kom út árið 2014 og tók gildi þann 1. janúar 2018. Í þessum kafla er ætlunin að gera grein fyrir megin inntaki staðalsins og í hverju þær breytingar sem fylgdu innleiðingu hans fólust. Megin áhersla kaflans er að setja þær breytingar sem fólust í innleiðingu hans í samhengi við auknar kröfur um framsýna upplýsingagjöf. Þeirri spurningu verður velt upp hvort innleiðing staðalsins leiði til ríkari krafna um framsýna upplýsingagjöf annarra en þeirra fjármálafyrirtækja sem er skylt að beita staðlinum.

5.1 IAS 39 Fjármálagerningar: færsla og mat

Í kjölfar fjármálakreppunnar árið 2008 var mikill þrýstingur á Alþjóðlega reikningsskilaráðið (IASB) og bandaríska reikningsskilaráðið (FASB) að semja nýjar samræmdar reglur um fjármálagerninga. Þá var í gildi eldri staðall IAS 39 Fjármálagerningar: færsla og mat (hér eftir IAS 39). IAS 39 var einkum gagnrýndur fyrir tvennt. Í fyrsta lagi var IAS 39 gagnrýndur fyrir að vera flókinn, í raun svo flókinn að notendur hans áttu erfitt með að beita staðlinum. Í öðru lagi var IAS 39 gagnrýndur fyrir að leyfa niðurfærslur útlana of seint með þeim afleiðingum að fjármálafyrirtæki ofmátu eignir sínar í efnahagsreikningi sínum (Margrét Pétursdóttir, 2014)

Skv. IAS 39 var óheimilt að færa niður útlán fyrr en tap væri áfallið (e. incurred loss). Ekki mátti undir nokkrum kringumstæðum færa framtíðartap, hversu líklegt sem það var talið.

Í kjölfar bankahrunsins voru endurskoðendur gagnrýndir fyrir að hafa ekki sinnt skyldum sínum við endurskoðun reikningsskila fjármálafyrirtækjanna árin fyrir hrun. Má þar t.d. nefna rannsóknir þeirra og mat á virði lánasafna stærstu fjármálafyrirtækjanna. (Rannsóknarnefnd Alþingis 2010). Í skýrslurannsóknarnefndar Alþingis er haft eftir Sigurði Jónssyni löggiltum endurskoðanda þegar hann er spurður út í forsendur sem lágu að baki endurskoðun á ársreikningi KPMG um mitt ár 2008 :

„(þ)að er á þeim forsendum, sem þá liggja fyrir, sem við endurskoðum og væntanlega sjórñendur eru að gera upp. Það er líka mjög mikilvægt að hafa það í huga, að okkar reglur beinlínis banna okkur banna okkur að taka tillit til atburða, sem ekki hafa átt sér stað, þ.e.a.s. vera í spekulatíf um vangavelt um um hvað kunni að gerast síðar.“ [sic]

Ljóst er að skv. IAS 39 fer Sigurður Jónsson með rétt mál þegar að kemur að niðurfærslu lánasafns bankanna fyrir hrún. Ekki var heimild fyrir því að færa niður útlánasafnið. Hinsvegar má velta því upp hvort rétt hefði verið, og jafnvel skylt, að geta þess að virði útlánasafnsins væri umtalsvert minna en bókfært viðrði þess t.d. í skýrslu stjórnar.

Þess má geta að fyrir gildistöku IAS 39 voru bankar gagnrýndir fyrir að nota virðisrýrnun til þess að draga úr sveiflum í afkomunni. Var það gert með því að ofmeta þörf á virðisrýrnun í góðu árferði og jafna henni út á móti virðisrýrnun í slæmu árferði. Við því var brugðist með því að gera kröfu um að forsenda fyrir því að færa mætti virðisrýrnun væri að að tapsatburður hefði átt sér stað (Sigurjón G. Geirsson, 2017)

5.2 IFRS 9 Fjármálagerningar

IFRS 9 fjármálagerningar tók gildi þann 1. janúar 2018. Staðallinn er niðurstaða þeirra umbótavinnu sem farið var í í kjölfar bankahrunsins og fjallað hefur verið um hér að framan. Staðallinn byggir á þremur þáttum; flokkun og mati fjármálagerninga, virðisrýrnun fjármálagerninga og áhættuvarnarreikningsskil. (IASB, 2014) Í ritgerð þessari verður aðeins fjallað um virðisrýrnunar þátt IFRS 9.

Í IFRS 9 felst sú breyting frá áður gildandi reglum að í stað þess að byggja aðeins á tapsatburðum sem hafa nú þegar orðið skal einnig byggja á væntingum um framtíðar tapsatburði (e. expected losses). Í þessu felst verulegur munur m.v. eldri staðallinn IAS 39 þar sem IFRS 9 gerir kröfu um að útlán séu færð niður miðað við vænt útlánatap. (Margrét Pétursdóttir, 2014)

IFRS 9 byggir að einhverju leiti á mati sérfræðinga, og að lokum stjórnenda fjármálafyrirtækja á þróun vanefndalíkinda ásamt mati á umfangi taps ef til vanefndanna kemur (Sigurjón G. Geirsson, 2017). Hér má benda á hættuna sem felst í umboðsvandanum, sem áður hefur verið fjallað um. Stjórnendur hafa í mörgum tilvikum hag af því að vanmeta virðisrýrnun í niðursveiflu í efnahagslífinu til þess að tryggja betri afkomu í reikningsskilum félaganna. Því er ljóst að til þess að IFRS 9 skili tilætluðum árangri þurfa að vera til staðar reglur sem tryggja annars vegar að ákveðið samræmi sé í framkvæmd á mati á virðisrýrnun. Hins vegar þurfa að vera skýrar reglur um eftirlit með þeim ferlum sem fjármálafyrirtæki beita sem við mat á útlánaáhættu, mati á lánshæfi og mati á vanskila-líkindum.

5.3 IFRS 9 og kröfur um gögn sem liggja að baki matinu

Fjallað er um virðisrýrnun útlána í IFRS 9 lið 5.5. Í lið 5.5.4. kemur fram að markmið virðisrýrnunarkrafanna sé að færa vænt útlánatap á líftíma fyrir alla fjáreignina þegar útlánaáætta hefur aukist verulega frá upphafsáætlun í ljósi allra raunhæfra og rökstuddra upplýsinga. Þ.m.t. þeirra sem horfa til langs tíma.

Í IFRS 9 lið 5.5.17 kemur fram að meta eigi vænt útlánatap. Af fjármálagerningum þannig að það endurspeglar: a) óhlutdræga og líkindavegna fjárhæð sem er ákvörðuð með því að meta ýmiss konar mögulegar niðurstöður, b) tímavirði peninga og c) raunhæfar og rökstuddar upplýsingar sem hægt er að nálgast án óhólflegs kostnaðar eða fyrirhafnar á reikningskiladegi um liðna atburði, ríkjandi skilyrði og spár um efnahagsleg skilyrði í framtíðinni.

Skv. C- lið má áætla að fyrirtæki sem beita IFRS 9 í sínum reikningskilum þurfi aðeins að horfa til „raunhæfra og rökstuddra upplýsinga sem hægt er að nálgast, án óhólflegs kostnaðar eða fyrirhafnar á reikningskiladegi um liðna atburði, ríkjandi skilyrði og spár um efnahagsleg skilyrði í framtíðinni.“

Margskonar skýrslur og aðrar upplýsingar falla þarna undir, bæði skýrslur frá stjórnvöldum um vænta efnahagslega þróun sem og greiningarvinna sem fjármálafyrirtækin sjálf vinna. Þar sem ritgerð þessi fjallar um upplýsingagjöf sem fyrirtækjum er bæði skylt að veita og kjósa að veita sjálf verður umföllun um framangreint einskorðuð við þá þætti, þ.e. framsýna upplýsingagjöf sem fyrirtæki (skuldari) er skylt að veita eða veitir af fúsum og frjálsum vilja.

5.4 Kröfur í viðmiðunarreglum Evrópska bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) sem tengjast IFRS 9

Evrópska bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) sem varða starfsemi fjármálafyrirtækja þ.m.t. viðmiðunarreglur um útlánaáættu og samþjöppunaráættu sem tengjast innleiðingu IFRS 9. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi.

Evrópska bankaeftirlitið hefur gefið út leiðbeinandi reglur (e. guidelines) um framkvæmd áhættustýringar vegna útlánaáættu og reikningskil fyrir vænt tap af útlánastarfsemi (EBA/GL/2017/06). Þar kemur fram að við mat á niðurfærslu útlána skuli horfa sérstaklega til framsýnna upplýsinga. Tekið er fram að IFRS 9 geri ekki kröfu um að

fjármálafyrirtæki leggi í umfangsmikla leit að upplýsingum við mat á væntu útlánatapi. Engu að síður skuli taka til greina upplýsingar sem geta haft áhrif á matið og mega þeir sem framkvæma það ekki útiloka eða hundska upplýsingar sem teljast aðgengilegar.

5.5 Áhrif IFRS 9 á ófjárhaglsega upplýsingagjöf

5.5.1 Áhrif IFRS 9 á reikningsskil fjármálafyrirtækja

IFRS 9 tók gildi eins og áður hefur komið fram þann 1. janúar 2018. Ársreikningar bankanna fyrir árið 2018 eru því þeir fyrstu eftir að staðallinn var innleiddur. Hér verður gerð grein fyrir því hvaða upplýsingar um innleiðingustaðalsins koma fram í ársreikningum fjögurra valinna fjármálafyrirtækja. Þau fjármálafyrirtæki sem valin voru eru Kvikabanki, Íslandsbanki, Landsbankinn og Arionbanki. Áhersla umfjöllunarinnar er á þær upplýsingar sem fram koma um annars vegar þá aðferðarfræði sem bankarnir beita við mat á virðisrýrnun en einnig á þær upplýsingar sem þeir nota við matið.

5.5.1.1 Ársreikningur Kvikubanka árið 2018

Í ársreikningi Kvikubanka árið 2018 kemur fram að bankinn innleiddi IFRS 9 þann 1. janúar 2018. Í skýringu 3 er fjallað um breytingar á reikningsskilaaðferðum. Þar er gerð stutt grein fyrir þeim breytingum sem felast í innleiðingu IFRS 9. Fram kemur að bankinn hafi tekið í notkun þriggja þrepa líkan um vænt útlánatap sem er hluti af IFRS 9.

Í áritun óháðs endurskoðanda samstæðureikningssins kemur fram að ákvörðun um mat á virðisrýrnun útlána sé háð mati stjórnenda. Til að undirstrika mikilvægi matsins, umfangsþess og áhrifa telur endurskoðandinn það upp sem megináherslu við endurskoðun sína.

Í skýringum ársreiknings Kvikubanka árið 2018 er gerð nokkuð ítarleg grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við mat á virðisrýrnun. Ekki kemur fram berum orðum hvaða gögn bankinn notar við framkvæmd virðisrýrnunarmatsins. Í skýringu 85 í ársreikningnum kemur fram að mat á breytingum fyrir safn eigna sé horft fánlegra gagna en ekki kemur fram hvaða gögn það eru. Við mat á líkum á vanskilum notast samstæðan við utanaðkomandi líkan sem þróað er af Creditinfo á Íslandi ekki kemur fram hvaða upplýsingar notaðar eru í líkan Creditinfo á Íslandi, þó er tiltekið að matið sé stillt af með sögulegum upplýsingum um vanskilahlutföll.

5.5.1.2 Ársreikningur Íslandsbanka 2018

Fram kemur að innleiðing IFRS 9 var lykilatriði endurskoðunnar þegar endurskoðandi yfirfór reikninginn. Í kaflanum um áritun óháðs endurskoðanda er gerð grein fyrir því að vegna þess mats og túlkunar sem þörf var á við innleiðingu staðalsins og þeim breytingum sem gerðar voru á mati á útlánasafni bankans hafi verið þörf að taka innleiðinguna til sérstakrar skoðunnar. Viðbrögð endurskoðandans voru einkum að leggja mat á það líkan sem samstæðan notar til að meta vænt útlánatap með sérstaka áherslu á að samræmi væri milli þess líkans sem bankinn notaði og þeirra krafna sem gerðar eru í IFRS 9. Fram kemur að prófanir sem gerðar voru við endurskoðunina hafi m.a. verið að skoða gögn sem notuð voru til þess að meta vænt útlánatap og við mat á áhættuflokkum. Endurskoðandinn tiltekur einnig fleirri þætti sem skoðaðir voru sérstaklega.

Í skýringu 2 er fjallað um virðisrýrnun fjáreigna. Þar kemur fram að við útreikninga á væntu útlánatapi séu notaðar breytur sem byggja bæði á innri og ytri gögnum. Nánar er fjallað um framkvæmd mats á væntu útlánatapi í skýringu 72.3. Þar kemur fram að mat samstæðunnar á líkum á alvarlegum vanskilum er byggt á skilgreindum vísbendingum t.d. alvarlegum brotum á kvöðum samninga og skráningu á válista. Ekki kemur fram með skýrum hætti hvaða upplýsingar og gögn bankinn nýtir við mat á virðisrýrnun lána og lánasafna.

5.5.1.3 Ársreikningur Landsbankans árið 2018

Innleiðing IFRS 9 í reikningsskil samstæðunnar er tiltekið sem eitt af lykilatriðum í endurskoðun óháðs ytri endurskoðanda, líkt og hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem áður hefur verið fjallað um.

Ástæður sem endurskoðandinn til tekur er að innleiðingin feli í sér umfangsmiklar og flóknar breytingar ásamt því að hún hafði umtalsverð áhrif á reikningsskil bankans. Tekið er fram að endurskoðandinn hafi fylgst með innleiðingarferlinu, framkvæmt prófanir á virðisrýrnunarlíkani sem notað var m.a. með sannprófun á sögulegum gögnum.

Í skýringu 91. 5 er fjallað um mat á virðisrýrnun fjáreigna. Fram kemur að við mat á væntu útlánatapi sé notast við líkan um framtíðarhorfur. Tekið er fram að þetta krefjist töluverðs mats á hvaða efnahagsþættir hafa áhrif á vænt útlánatap sem og hvert umfang áhrifanna verði. Fram kemur að áhættustýring bankans beri ábyrðg á matinu en sérstakt

teymi sem skipað er m.a. bankastjóra og framkvæmdstjórum nánar tilgreindra sviða innan bankans rýni í og samþykki matið.

Í skýringu 91.5 er fjallað um hlutlægar vísbendingar sem þykja bera merki um að virði láns hafi rýrnað. Til þessara hlutlægu vísbendinga telur bankinn m.a. vera verulegir fjárhagserfiðleikar lántakans, eða líklegt að lántaki verði gjaldþrota eða gangi í gegnum annarskonar fjárhagslega endurskipulagningu.

Einnig kemur fram að bankinn skilgreinir einstök og mikilvæg útlán. Þá er fyrst metið hvort einhver merki séu um að virði þeirra sé að rýrna með hlutlægum hætti. Ef bankinn metur að hlutlægar vísbendingar séu fyrir því að virði útláns (eða eftir atviku útlánasafns) hafi minnkað tekur bankinn útlánið með í safn útlána með svipaða lánsáhættu og metur virðisrýrnun þeirra saman.

5.5.1.4 Ársreikningur Arionbanka árið 2018

Arion banki innleiddi IFRS 9 þann 1. janúar 2018. Í áritun óháðs endurskoðanda er innleiðing staðalsins nefnd sem ein af megináherslum endurskoðunina. Í áritun endurskoðanda kemur fram að hann hafi framkvæmt prófanir á virðisrýrnunarlíkönum og lagt mat á þá aðferðarfræði sem bankinn hefur inneitt hjá sér við mat á virðisrýrnun útlána.

Í skýringu nr. 57 ársreiknings Arionbanka árið 2018 kemur fram að Arionbanki meti vænt útlánatap á hlutlausu, núvirtu og líkindavegnu mati. Mat á væntu útlánatapi byggir m.a. á væntri efnahagsþróun. Hin vænta efnahagsþróun byggir á sérfræði áliti sem byggir á undirliggjandi forsendum. Ekki er gerð nákvæm grein fyrir hverjar þessar undirliggjandi forsendur eru. Undirliggjandi forsendur og sérfræðimat getur haft mikil áhrif á breytingar á niðurfærslu og geta þannig haft markverð áhrif á afmkomu samstæðunnar. Í skýringu 54 kemur fram að þær upplýsingar sem eru notaðar við þróun líkanna eru m.a. efnahagsstærðir, fjárhaglsegar upplýsingar auk sérfræðimats á stöðu stórra fyrirtækja. Fram kemur að það fari eftir lántaka og tegund fyrirgreiðslu hvaða breytur eru notaðar til þess að meta vænt útlánatap og líkur á vanskilum.

Í ársreikningnum kemur ekki fram með beinum hætti hverskonar upplýsingar eru notaðar við matið eða hvort bankinn óski eftir frekari upplýsingar frá lántökum.

5.5.2 Áhrif IFRS 9 á önnur fyrirtæki

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir umfjöllun um innleiðingu IFRS 9 í reikningskil nokkurra valinna fjármálafyrirtækja á Íslandi. Af þeim upplýsingum að dæma sem fjármálafyrirtækin gefa í ársreikningum sínum er erfitt að meta hvert umfang þeirra upplýsinga sem stafa frá lánveitendum sjálfum er.

Innleiðing IFRS 9 staðalsins gæti þó haft mun víðtækari áhrif en ætla má af framangreindri umfjöllun.

Lýsir það sér helst í því að skv. IFRS 9 þarf að horfa til ákveðinna áhættu þátta við mat á útlánaáhættu. Við beitingu IFRS 9 er ekki skylt að leggja í umfangsmikla leit að upplýsingum heldur á að byggja á þeim sem eru fyrirbyggjandi og aðgengileg lánafyrirtækjum án mikillar fyrirhafnar og tilkostnaðar. (EBA, 2017). Af því leiðir að við útlánaáhættumatið er vægi þeirra upplýsinga sem fram koma í ársreikningum og öðrum fyrirbyggjandi upplýsingum nokkurt.

Líkt og áður hefur komið fram er skylt, við beitingu IFRS 9, að horfa til framsýnnar- og ófjárhagslegrar upplýsingagjafar. Því má ætla að þær upplýsingar sem eiga að fram koma í skýrslu stjórnar hafa fengið aukið vægi við innleiðingu staðalsins.

Hér má einnig áréttta mikilvægi þess að ákvæði um skýrslu stórnar sem er að finna í tilskipunum Evrópusambandsins nr. 2013/34/ESB og ákvæði um ófjárhagslega upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar 2014/95/ESB séu rétt innleiddar. IFRS 9 er reikningskilastaðall sem byggir á ákveðnum forsendum, þ.e. þeim forsendum að ákveðnar upplýsingar séu fyrirbyggjandi og aðgengilegar án mikils tilkostnaðar. Ef íslenskum fyrirtækjum er ekki skylt að veita ófjárhagslegar- eða framsýnar upplýsingar getur leikið vafi á því hvort taka þurfi þær inn í mat á útlánaáhættu skv. IFRS 9. Til þess að koma í veg fyrir þennan vafa er mikilvægt að tryggja að samræmi sé milli íslenskra laga og Evrópuréttar varðandi þær upplýsingar sem þurfa að vera fyrirbyggjandi.

Hér má einnig benda á freistni vanda sem stjórnendur þeirra fyrirtækja sem beita IFRS 9 í sínum reikningskilum geta staðið frami fyrir. Sem dæmi má nefna: Fjármálafyrirtæki hefur metið tiltekið lán sem mikilvægt og metur það sértækt. Fyrirtækið veit að aðstæður eru þannig að rekstrargrundvöllur skuldans er tvísýnn. Síðasti ársreikningur gaf jákvæða mynd en ljóst er að viðskiptamódel fyrirtækisins er úrelt og ekki er víst að reksturinn gangi vel næstu ár. Ef fyrirtækið (þ.e. lántakinn) upplýsir ekki um þetta í skýrslu stjórnar eða

með öðrum fullnægjandi hætti geta stjórnendur fjármálafyrirtækisins freistast til þess að gefa fortíðar upplýsingum aukið vægi og sleppt því að færa niður lánasafnið, þar sem IFRS 9 gerir kröfu um að fjármálafyrirtæki notist við upplýsingar sem eru fyrirbyggjandi án mikillar fyrirhafnar eða tilkostnaðar. Af þessu leiðir einnig mikilvægi þess að reglur um ófjárhagslega og framsýna upplýsingagjöf sem eigi að koma fram í skýrslu stjórnar séu rétt innleiddar inn í íslensk lög.

5.6 Ályktanir og niðurstöður

Lítill reynsla er komin á beitingu IFRS 9 hérlandis og því erfitt að draga of miklar ályktanir um óbein áhrif staðalsins á önnur fyrirtæki en þau sem beita honum. IFRS 9 er hluti af alþjóðlegu regluverki, sem hefur verið samræmt milli landa m.a. í þeim tilgangi að auka samanburðarhæfni og gæði reikningskila. Þar sem IFRS 9 byggir á þessu samræmda regluverki er mikilvægt að vel takist til í innleiðingu annarra þátta sem því tengjast svo sem reglna um þær upplýsingar sem eiga að koma fram í skýrslu stjórnar. IFRS 9 byggir á því að fjármálafyrirtæki byggi mat sitt á *fyrirbyggjandi* gögnum og upplýsingum. Ef ekki er tryggt að samræmi sé í því hvaða upplýsingar og gögn séu fyrirbyggjandi í þeim löndum sem staðallinn hefur áhrif á, er hætt við að ákveðið misræmi skapist.

IFRS 9 byggir eins og áður hefur komið fram að stórum hluta á mati stjórnenda á væntum efnahagslegum aðstæðum. Ef ekki er tryggt á hvaða gögnum og upplýsingum matið á að byggja er ljóst að freystni vandi getur verið til staðar sem leiðir til þess að stjórnendur velji þau gögn og þær upplýsingar sem gefa sem besta niðurstöðu fyrir stjórnendurna sjálfa, enda er þetta einn angi umboðsvandans.

Til þess að tryggja samræmi í beitingu IFRS 9 þurfa stjórnvöld að tryggja að upplýsingar séu til staðar og að sömu reglur gildi hér og annarsstaðar í Evrópu.

6 Ályktanir og tillögur að úrbótum

Hér hefur verið fjallað um flókið umhverfi sem stjórn og almennir stjórnendur fyrirtækja búa við þegar kemur að því að upplýsa haghafa og aðra notendur reikningsskila um árangur í rekstri viðkomandi fyrirtækis.

Kröfur um auknar upplýsingar, aukin gæði þeirra upplýsinga sem veittar eru ásamt kröfu um að þær séu staðfestar af þriðja aðila verða sífellt háværari (FEE, 2015). Einnig er gerð krafa um að fyrirtæki upplýsi um samfélagslega ábyrgð sína, stefnu í umhverfismálum sbr. t.d. 66. gr. d. laga nr. 3/2006 og svo mætti lengi telja.

Hefðbundin reikningsskil hafa verið ein mikilvægasta leið fyrir stjórnendur fyrirtækja til þess að koma frá sér upplýsingum. Regluverkið í kringum ársreikninga er umfangsmikið, þegar fyrirtæki hafa náð ákveðinni stærðargráðu er gerð krafa um að ársreikningar þeirra séu endurskoðaðir, þ.e. að endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun áritar ársreikninginn sbr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og þannig er stuðlað að því að gæði upplýsinganna séu tryggð.

Á seinni árum hefur þó myndast togstreypa milli krafna um aukna upplýsingagjöf og þeirra krafna um að ársreikningar og hefðbundin reikningsskil séu fyrst og fremst fyrir skilgreinda megin notendur þeirra. Hér að framan hefur verið rætt um ofgnótt upplýsinga í hefðbundnum ársreikningum og að notagildi þeirra upplýsinga fari dvínandi.

Ársreikningar eru í eðli sínu upplýsingar sem byggja á sögulegum grunni. Tilgangur þeirra er fyrst og fremst að gera grein fyrir rekstrarafkomu tiltekins tímabils.

Í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga er gerð krafa um framsýnar upplýsingar í kaflanum um skýrslu stjórnar, eins og áður hefur verið fjallað um. Ákveðinn misbrestur virðist vera á innleiðingu Evrópuréttar inn í íslenskan rétt þegar kemur að ákvæðum um skýrslu stjórnar. Í skýrslu stjórnar er jafnframt að finna ákvæði sem gera kröfu, á sum fyrirtæki, að upplýsa um samfélagslega ábyrgð, stefnu í umhverfismálum o.fl. Er þetta enn eitt dæmi um auknar upplýsinakröfur í ársreikningum félaga.

Hræðslan við að uppfylla ekki staðla og reglur getur valdið því að stjórnendur kjósi að upplýsa um hluti sem hvorki teljast mikilvægir né viðeigandi. Afleiðingin er því sú að mikilvægar upplýsingar týnast í upplýsingafóði. (KPMG, 2011)

Þó má ekki gleyma að kröfur um auknar upplýsingar ásamt kröfu um gæði upplýsinga eru sífelld að verða sterkari eins og lýst hefur veirð að framan. Sem dæmi má nefna umfjöllun um IFRS 9 og afleidd áhrif af innleiðingu staðalsins á aukna framsýna viðbótar upplýsingagjöf. Neytendur eru sífelld kröfuharðari á að fyrirtæki sýni samfélagslega ábyrgð og hafi trúverðuga stefnu í þeim efnum (Cohen, 2012) Fjárfestar eru orðnir meðvitaðir um kosti þess að fá upplýsingar um hvernig fyrirtæki greini ógnir sem steðja að rekstrargrundvelli þeirra og að þau upplýsi um hvernig þau muni takast á við þær áskoranir (Cohen, 2012)

Sum ríki hafa lögfest kröfur um annarskonar skýrslu gerð til viðbótar við hefðbundin reikningskil fyrirtækja. Má þar nefna kröfur sem innleiddar voru í Bretlandi árið 2013 um Frásagnarskýrslu framkvæmdastjóra (e. Strategic reporting). Einnig ber að nefna kröfur um samþætta upplýsingagjöf (e. Integrated reporting) sem er ætlað að skapa heilstæða og skilvirka nálgun á upplýsingagjöf fyrirtækja. Markmið samþættrar fjárhagsmyndar er að bæta gæði og samhengi þeirra upplýsinga sem eru aðgengilegar haghöfum og öðrum lesendum. (FRC, 2018)

6.1.1 Endurskoðun laga nr. 3/2006

Í fjórða kafla ritgerðarinnar er fjallað um hvaða upplýsingar eiga að koma fram í skýrslu stjórnar ásamt því að borið var saman 19. gr. og 19. gr. A ársreikningatilskipunar Evrópusambandsins voru við íslensk lög. Af samanburðinum má sjá að íslensk lög eru ekki í fullu samræmi við tilskpun 2013/34/ESB.

Í 19. gr. og 19. gr. A tilskipunar 34/2013/ESB eru aðgengilegar og vel framsettar kröfur um upplýsingar sem eiga að koma fram í skýrslu stjórnar. Sá sem les greinarnar getur áttað sig á eðli upplýsingaskyldunnar og tilgangi hennar. Í 65. og 66. gr. íslensku ársreikningalaganna eru settar fram kröfur um upplýsingar, erfitt er að átta sig á eðli og umfangi upplýsingaskyldunnar ásamt því að ekki er auðvelt að sjá hvaða tilgangi upplýsingaskyldan skv. 65. og 66. gr. laga nr. 3/2006 eigi að þjóna.

66. gr. laganna er þó mun torskýldari en 65. gr. þeirra. Í 1. mgr. 66. gr. er gildissvið greinarinnar afmarkað með þeim hætti að erfitt er að átta sig á til hvaða félaga hún tekur. Ekki er hægt að lesa af lögskýringargögnum hvað felst í orðunum „þar sem eignarhald eða notkun fjármálagerninga skiptir verulegu máli við mat á eignum skuldum, fjárhagsstöðu

og hagnaði eða tapi“ og því ekki fyllilega ljóst hvaða fyrirtækjum beri að veita upplýsingar skv. greininni.

Í 6. mgr. 66. gr. íslensku ársreikningalaganna segir að heimilt er að upplýsa um þau atriði sem kveðið er á um í 1.-4. mgr. sömu greinar í skýringum með ársreikningi í stað skýrslu stjórnar. Gengur þetta þvert gegn því markmiði sem fram kemur í 19. gr. ársreikningatilskipunarinnar að skýrsla stjórnar eigi að nýtast sem greiningartæki ásamt því að erfitt er að sannreyna að upplýsingar sem gerð er krafa um í 1.-4. mgr. greinarinnar sé að finna í skýringum.

Er það niðurstaða þessarar rannsóknar að mikil bót fælist í endurskoðun á 66. gr. íslensku ársreikningalaganna þar sem orðalag 19. gr. tilskipunarinnar væri innleitt beint.

6.1.2 Frásagnarskýrsla framkvæmdastjórna (e. Strategic Report)

Í Bretlandi er gerð krafa um að öll félög, sem ekki teljast lítil, verða að semja frásagnarskýrslu framkvæmdastjórna (e. Strategic Report) sem skal fylgja ársreikningi þeirra. Tilgangur skýrslunnar er að upplýsa fjárfesta um árangur stjórnenda og horfur fyrirtækisins. Skýrslan verður að innihalda lýsingu (e. fair review) á viðskiptalíkani félagsins ásamt lýsingu á helstu ógnunum sem fyrirtækið stendur frammi fyrir ásamt því að gera grein fyrir hvernig stjórnendur hugsa sér að takast á við þær áskoranir. (Maynard, 2017). Hér er um að ræða kröfu um framsýna upplýsingagjöf. Skýrslan gerir einnig kröfu um alhliða (e. comprehensive) greiningu á þróun og árangri félagsins á liðnu fjárhagsári. Skýrslan á að innihalda greiningu á lykil árángursmælikvörðum (e. Key performance indicators) og upplýsingar um starfsmanna- og umhverfistengd málefni. Þó má geta þess að meðal stór fyrirtæki þurfa ekki að gera grein fyrir þeim ófjárhagslegu upplýsingum sem talin eru upp hér að framan (Wood og Sangster)

Frásagnarskýrsla framkvæmdastjórna er áhugaverð lausn á þeim vanda sem felst í togstreitu á milli aukinna krafna um upplýsingar og ofgnótt upplýsinga í ársreikningum. Með því er viðbótar upplýsingum haldið aðgreindum frá hefðbundnum fjárhagslegum upplýsingum sem fram koma í ársreikningi fyrirtækja. Þannig er komið í veg fyrir að upplýsingar skyggi á hver aðra og upplýsingamiðlunin verður skilvirkari.

6.1.3 Samþætt upplýsingagjöf (e. Integrated reporting)

Samþætt upplýsingagjöf (e. Integrated reporting) er ætlað a skapa heilstæða og skilvirka nálgun á upplýsingagjöf fyrirtækja. Markmið hennar er að bæta gæði og samhengi þeirra upplýsinga sem eru aðgengilegar haghöfum og öðrum lesendum.

Markmið samþættrar upplýsingagjafar er að fyrirtæki gefi, m.a. í ársreikningi sínum, en jafnframt í öðrum viðbótarupplýsingum fullnægjandi upplýsingar svo haghafar geti gert sér grein fyrir hæfileikum fyrirtækja til að viðhalda virðissköpun sinni til skamms- og lengri tíma litið (Busco ofl. 2013). Í samþættri upplýsingagjöf er aukin áhersla á virðissköpun, bæði á virðissköpun sem verður fyrir fyrirtækið sjálft en einnig á virðissköpun sem fyrirtækið skapar fyrir aðra, t.d. fjárfesta og kröfuhafa.

Samþætt upplýsingagjöf skiptir auðæfum fyrirtækja í sex flokka. Fjárhagsleg-, framleidd-, vitsmunaleg-, félagsleg- og náttúruauðæfi og mannauð. Flokkarnir eru ekki allir jafn mikilvægir fyrir öll fyrirtæki (Busco ofl. 2013).

Flokkarnir eru ekki skýrt afmarkaðar heldur eru þeir síbreytilegir með stöðugu flæði á milli þeirra. Samþætt upplýsingagjöf miðar að því að setja fram viðmið sem eru nauðsynleg til þess að útskýra þetta flæði fyrir haghöfum, ásamt því að setja fram leiðbeiningar um hvaða upplýsingar þurfa að vera til staðar til að leggja mat á hæfi fyrirtækja til að skapa virði. Ef fyrirtæki stíga það skref að innleiða samþætta upplýsingagjöf í tengslum við reikningsskil sín geta þau skapað sér ákveðið forskot á markaði (Busco ofl. 2013). Samþætt upplýsingagjöf er líkt og frásagnarskýrsla framkvæmdastjórna til þess fallin að auka skilvirkni upplýsingamiðlunar og vinna gegn vandamálinu sem felst í ofgnótt upplýsinga. Innleiðing slíkra krafna inn í íslenskan rétt væri hugsanlega til bóta.

7 Niðurstöður og lokaorð

Í öðrum kafla ritgerðarinnar var fjallað um sögu félagaformsins með takmarkaða ábyrgð og hvernig tilkoma þess hafði áhrif á kröfur um að fyrirtæki veittu haghöfum sínum upplýsingar um árangur í rekstri. Fjallað var um markmið og tilgang reikningsskila. Árið 2010 gaf Alþjóða reiknisskilaráðið út endurbættan hugtaka ramma þar sem megin notendur reikningsskila eru sérstaklega skilgreindir. Í kaflanum var einnig fjallað um hvaða eiginleikum reiknisskil þurfa að búa yfir til þess að notagildi þeirra sé tryggt. Eiginleikar þessir eru fyrst og fremst að upplýsingar sem þar er að finna þurfa að vera viðeigandi og framsetningin trúverðug. Fjallað var um glögga mynd og mikilvægis hugtakið. Í kaflanum var einnig fjallað um vandamál sem felst í ofgnótt upplýsinga í ársreikningum og hvernig ofgnótt léttvægra upplýsinga geti truflað notendur ársreikninga með því að skyggja á upplýsingar sem teljast mikilvægar.

Í kafla tvö var einnig gerð grein fyrir uppbyggingu ársreikninga ásamt því að fjallað var um lögfestingu alþjóða reiknisskilastaðlanna inn í íslensk lög. Í kaflanum var einnig fjallað um umboðsvanda og ósamhverfar upplýsingar. Skortur á upplýsingum getur leitt til þess að markaðir verði minna skilvirkir. Umboðsvandi er sá vandi sem skapast þegar hagsmunir umbjóðanda og umboðsmanns fara ekki saman.

Í kafla þrjú var fjallað um upplýsingagjöf fyrirtækja. Upplýsingum var skipt í þrjá flokka: Í fyrsta flokknum var sjónum beint að því hvort upplýsingar væru veittar af fúsum og frjálsum vilja eða hvort þær væru lögbundnar. Í öðrum flokknum var sjónum beint að því hvort upplýsingar væru fjárhagslegar eða ófjárhagslegar. Í þriðja flokknum var fjallað um upplýsingar sem byggja á sögulegum grunni eða framsýnum upplýsingum.

Fyrirtæki geta haft margskonar hag af því að veita framsýnar upplýsingar sem haghafar geta notað við ákvarðanatöku sína. Ef upplýsingar eru óvandaðar eða ótraustar geta þær þó valdið því að fjárfestar beri minna traust til allra upplýsinga sem koma frá fyrirtækinu. Því þarf að huga að hvað á að upplýsa um og hvernig eigi að setja upplýsingarnar fram.

Í fjórða kafla var fjallað um skýrslu stjórnar en þar er að finna ákvæði sem krefjast þess að fyrirtæki veiti bæði framsýnar og ófjárhagslegar viðbótarupplýsingar. Ákvæði um skýrslu stjórnar eiga rót sína að rekja til Evrópuréttar. Í 19. gr. og 19. gr. A tilskipunar nr. 2013/34/ESB er fjallað um upplýsingar sem eiga að koma fram í skýrslu stjórnar. Ákvæði 19. gr. og 19. gr. A voru bornar saman við 65. gr., 66. gr., og 66.gr. d. íslensku

ársreikningalaganna í ritgerðinni. Svo virðist sem 19. gr. A og 66. gr. d. séu í góðu samræmi. Ákveðinn misbrestur virðist þó vera á innleiðingu 19. gr. tilskipunarinnar í íslensk lög eins og fjallað var um í kaflanum.

Í fimmta kafla var fjallað um nýjan reiknisskilastaðal IFRS 9 um fjármálagerninga. Í staðlinum felast umfangsmiklar breytingar á því hvernig fjármálafyrirtæki eiga að meta virði útlána sinna. Skv. eldri staðli IAS 39 var ekki heimilt að virðisýra einstök lán eða lánasöfn fyrr en tapsatburður hafði átt sér stað. Skv. IFRS 9 ber að færa virðisýrnun þegar tapsatburður hefur átt sér stað en einnig vænt fram tíðar tap. Í kaflanum var fjallað um þær kröfur sem liggja að baki matinu og ársreikningar fjögurra fjármálafyrirtækja voru skoðaðir með tilliti til þeirra upplýsinga sem þeir nota við mat á virðisýrnun. Ekki var hægt að lesa beint út úr þeim hvaða gögn fjármálafyrirtækin. Komist var að þeirri niðurstöðu að innleiðing á IFRS 9 í reikningskil fjármálafyrirtækja geti haft afleiddar afleiðingar á reikningskil annara félaga sem fá lán hjá bönkunum enda þurfa bankarnir að hafa vissar framsýnar viðbótar upplýsingar til þess að geta framkvæmt virðisýrnunarmat með fullnægjandi hætti. Komist var að þeirri niðurstöðu að með innleiðingu IFRS 9 væri enn mikilvægara en áður að tryggja að þær upplýsingar sem 19. gr. tilskipunar nr. 2013/34/ESB gerir kröfu um sé rétt innleidd inn í íslensk lög.

Í sjötta kafla var fjallað um tillögur að úrbótum. Bent var á að gildissvið 66. gr. ársreikningalaga væri torskilið ásamt því að í 6. mgr. 66. gr. er að finna heimildarákvæði að fjalla um tiltekna upplýsingar í skýringum en ekki skýrslu stjórnar sem er ekki í samræmi við 19. gr. tilskipunar nr. 2013/34/ESB. Með því að endurskoða IV. kafla laganna um skýrslu stjórnar væri hægt að koma í veg fyrir þau vandamál sem núverandi ástand getur boðið upp á.

Þá var einnig fjallað um annarskonar skýrslugerð. Bæði samþætta upplýsingagjöf (e. Integrated Reporting) og frásagnarskýrslu framkvæmdastjórna (e. Strategic Report). Ákveðnir kostir eru við að innleiða kröfur um skýrslugerð af þessu tagi þar sem viðbótar upplýsingum og hefðbundnum fjárhagslegum upplýsingum sem er að finna í ársreikningum er haldið aðgreindum og þannig komið í veg fyrir að upplýsingar skyggi á hver aðra og þar með verður upplýsingamiðlunin skýrari.

Frekari rannsóknir á þessu sviði sem áhugavert væri að skoða eru t.d. hvaða ófjárhagslegu upplýsingar er almennt að finna í skýrslu stjórnar hjá fyrirtækjum á Íslandi

og hvort efniskröfum laganna sé fylgt. Einnig er áhugavert að skoða frekar hvar íslensk fyrirtæki birta upplýsingar sínar og hvort þær hafi farið í gegnum einhverskonar staðfestingarferli eða séu jafnvel settar fram með fyrirvara um að þeim sé ekki ætlað að vera grundvöllur til ákvarðanatöku.

Heimildasrka

- Accountancy Europe (áður FEE). (2015). *The future of corporate - creating the dynamics for change*. Sótt af https://www.accountancyeurope.eu/wp-content/uploads/FEECogitoPaper_-_FutureofCorporateReporting.pdf
- Arion banki (2019). Ársreikningur samstæðu- fyrir árið 2018. Sótt af: <https://arsskyrsla2018.arionbanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13bcb3ab-2fb3-11e9-86a6-d8d385b75e5c>
- Árni Claessen. (2015, 2. júlí). Upplýsingamengun í ársreikningum. Sótt af <https://www.fle.is/static/files/2015/Mblgreinar/arni-classen-2.-juli-2015.pdf>
- Árni Claessen. (2016, 29. apríl). Mikilvægismörk við gerð ársreikninga. Sótt af <https://www.mbl.is/vidskipti/pistlar/endurskodun/2171633/>
- Atvinnuvegaráðuneyti. (2006). Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar. Sótt af <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Stadlar1-41-2006.pdf>.
- Busco, Frigo, Quattrone og Riccaboni. (2013). Towards Integrated Reporting: concepts, Elements and Principles í Busco, Riccaboni, Frigo og Quattrone (ritstj) *Integrated Reporting Concepts and Cases that Redefine Corporate Accountability* (bls, 3-18). New York: Springer
- Busco, Frigo, Riccaboni og Quattroni (ritstj.) (2013) *Integrated Reporting, Concepts and Cases that Redefine Corporate Accountability*. New York: Springer.
- Cohen JR. (2012). Corporate Reporting of Nonfinancial Leading Indicators of Economic Performance and Sustainability. *Accounting Horizons*, 26(1), 65-90. Doi: 10.2308/acch-50073
- Demartini og Trucco. (2017) *Integrated Reporting and Audit Quality*. London: Springer International Publishing
- Directive 2004/39/EC of the European Parliament and of the Council on markets in financial instruments amending Council Directives 85/661/EEC and 93/6/EEC and Directive 2000/12/EC of the European Parliament and of the Council and repiling Council Directiver 03/22/EEC
- Directive 2013/34/EU of the European Parliament and of the Council on the annual financial statements, consolidated financial statements and related reports of certain types of undertakings, amending Directive 2006/43/EC of the European Parliament and of the Council and repealing Council Directives 78/660/EEC and 83/349/EEC Text with EEA relevance.
- Directive 2014/95/EU of the European Parilament and of the Council of 22 October 2014 amending Directive 2013/34/EU as regards disclosure of non-financial and diversity information by certain large undertakings and groups TEXT with EEA relevance.

- Engbers, E.M.H. (2016) *Forward-looking information in annual reports: A study into its realisation*. (Meistararitgerð, University of Twente, Holland).
- European Banking Authority (EBA). (2017). Guidelines on credit institutions' credit risk management practices and accounting of expected credit losses. Sótt af <https://eba.europa.eu/documents/10180/1842525/Final+Guidelines+on+Accounting+for+Expected+Credit+Losses+%28EBA-GL-2017-06%29.pdf>
- Fasan M. (2013) Annual Reports, Sustainability Reports and Integrated Reports: Trends in Corporate Disclosure. Í Busco C., Frigo M., Riccaboni A., Quattrone P. (ritstj.), Integrated Reporting (bls. 41-57). doi.org/10.1007/978-3-319-02168-3_3
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2017). *Ýmis álitamál vegna nýrra laga um ársreikninga*. Sótt af: <https://www.fle.is/static/files/2017/Ymislegt/alitamal-vegna-nyrra-laga-um-arsreikninga-lokautgafa-270117.pdf>
- Financial Reporting Council. (2018). *Guidance on the Strategic Report*. Sótt af <https://www.frc.org.uk/getattachment/fb05dd7b-c76c-424e-9daf-4293c9fa2d6a/Guidance-on-the-Strategic-Report-31-7-18.pdf>
- Fourth Council Directive 78/660/EEC of 25 July 1978 based on Article 54 (3) (g) of the Treaty on annual accounts of certain types of companies
- Groves, R. J. (1994, maí/júní). Financial disclosure: when more is not better. Financial Executive. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/208907599?accountid=135943>
- Gylfi Magnússon. (2002). *Eignastýring*. Reykjavík: Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.
- IFRS Foundation (2015). *Conceptual Framework*. útgáfustaður óþekktur: International Accounting Standards Board
- IFRS. (e.d.). Definition of materiality – about. Sótt - af <http://www.ifrs.org/projects/work-plan/definition-of-material/#about>
- IFRS. (2017, Mars). Disclosure initiative – principles of disclosure. Sótt af: <http://www.ifrs.org/-/media/project/disclosure-initiative/disclosure-initiativeprinciples-of-disclosure/discussion-paper/published-documents/discussion-paperdisclosure-initiative-principles-of-disclosure.pdf>
- International Accounting Standards Board (IASB). (2014). International financial reporting standard 9 – Financial instruments. London.
- Íslandsbanki (2019). Ársreikningur samstæðu fyrir árið 2019. Sótt af: https://islandsbanki-res.cloudinary.com/image/upload/v1/documents/2019.2.13_ISB_Arsreikningur_samstaedu_ISL_2018.pdf

Jennifer Maynard. 2017. *Financial accounting, reporting & analysis*. Sótt af <https://books.google.is/books?id=J0i1DgAAQBAJ&pg=PA108&dq=Strategic+report+accounting&hl=en&sa=X&ved=0ahUKEwiR6cS7vfrhAhUhpEKHTN1DFEQ6AEILjAB#v=onepage&q=Strategic%20report%20accounting&f=true>

Jill Solomon. (2007). *Corporate Governance and Accountability*. Sótt af https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=YX1z-_juq-4C&oi=fnd&pg=PR13&dq=solomon+corporate+governance&ots=XGkVBpiJIR&sig=R LKMgu8pL6_4Nppj-gquEGW3Ss&redir_esc=y#v=onepage&q=solomon%20corporate%20governance&f=true

Jóhannes Sigurðsson (2013), "Upplýsingaskylda um mikilvæg atvik og ákvarðanir". *Úlfjótur 2013 (1)*. Bls. 5-29.

Jón Rafn Ragnarsson. (2015. 27. ágúst). Sótt af <https://www.fle.is/static/files/2015/Mblgreinar/jon-rafn-ragnarsson-27.-agust-2015.pdf>

Joseph Stiglitz J, BARKLEY ROSSER, JR. (2008). A Nobel Prize for asymmetric information: The economic contributions of George Akerlof, Michael Spence and Joseph Stiglitz. Í Steven Pressman (ritstj.), *Leading Contemporary Economists* (bls. 162-181). Sótt af https://scholar.google.com/citations?user=5CPJJekAAAAJ&hl=en#d=gs_md_cita-d&u=%2Fcitations%3Fview_op%3Dview_citation%26hl%3Den%26user%3D5CPJJekAAAAJ%26citation_for_view%3D5CPJJekAAAAJ%3AFPJr55Dyh1AC%26tzom%3D0

KPMG. (2011). Disclosure overload and complexity: hidden in plain sight. Sótt af <http://qa05.kpmg.us/advisory/financial-reporting/disclosure-overload.html>

Kvika banki (2019) Ársreikningur samstæðu -fyrir árið 2019. Sótt af: <https://www.kvika.is/asset/2556/kvika-consolidated-financial-statements-31.12.2018.pdf>

Landsbankinn (2019). Ársreikningur samstæðu- fyrir árið 2018. Sótt af: <https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/ArsskyrslurOgUppgjor/Consolidated-Financial-Report-2018-IS.pdf>

Lög nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti

Lög nr. 110/2007 um kauphallir

Lög nr. 144/1994 um ársreikninga

Lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið

Lög nr. 3/2006 um ársreikninga

Lög nr. 32/1978 um hlutafélög

Lög nr. 73/2016 um breytingar á lögum um ársreikninga

- Margrét Pétursdóttir. (2014). Nýr staðall um fjármálagerninga lítur dagsins ljós. Sótt af <https://www.fle.is/static/files/2014/ymislegt/Vidskiptamogginn/margret-petursdottir-04.-des-2014.pdf>
- Páll Hreinsson, Sigríður Benediksdóttir og Tryggvi Gunnarsson. (2010). *Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis*. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.
- Price Waterhouse Coopers. (2007). *Guide to forward-looking information Don't fear the future: communicating with confidence*. Sótt af <https://www.pwc.com/gx/en/audit-services/corporate-reporting/assets/pdfs/860-global-forward-looking-guide.pdf>
- Price Waterhouse Coopers. (2016). *A foot in the past and an eye to the future The importance of forward-looking information in company reporting*. Sótt af <https://www.pwc.co.uk/audit-assurance/assets/pdf/forward-looking-guide-2016.pdf>
- Richard G. Schroeder, Myrtle W. Clark, Jack M. Cathey. (2014). *Financial Accounting Theory and Analysis*. Bandaríkin: John Wiley & sons, inc.
- Sigurður Þórðarson. (2004, 24. september). Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla á Íslandi. Sótt af <https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/reikningsskilastadlar-erindi-sth.pdf>
- Sigurjón G. Geirsson. (2017) *Kennsluhver 3: Nýjar alþjóðlegar reiknisskilareglur um virðisrýrnun útlána og hlutverk endurskoðenda*. Óútgafið.
- The Financial Reporting Council. (2009). *Louder than words*. Sótt 10. febrúar 2019 af http://frc.org.uk/getattachment/53bf7b4b-0dbb-4586-b85bb548ef28ca9e/FRC_DiscussionPaper_020609.pdf
- The Financial Reporting Council. (2011). *Cutting clutter: combatting clutter in annual reports*. Sótt 12. júlí 2017 af <https://www.frc.org.uk/getattachment/4232cbd4-da85-4dae-ac09-29cf246aeda6/Cutting-clutter-report-April-20112.pdf>
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EB og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu tilskipun ráðsins 93/22/EBE
- Tricker, Bob (2009). *Corporate Governance, Principles, policies and practices*, New York
- Viðskiptaráð Íslands. (2015). *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. 5. útgáfa*. Sótt af http://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/sk%C3%BDrslur/leidbeiningar_um_stjornarhaetti_fyrirtaekja.pdf
- Þingskjal 73. (1994-1995) Frumvarp til laga um ársreikninga og athugasemdir við frumvarpið.
- Þingskjal nr. 1116/1993. Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið og athugasemdir við frumvarpið.

Þingskjal nr. 53/2007. Frumvarp til laga um verðbréfavíðskipt og athugasemdir við frumvarpið.

Þingskjal nr. 160 /2007 93l. Frumvarp til laga um kauphallir og athugasemdir við frumvarpið.